



LANDSLAG



GREINARGERÐ – STEFNUMÖRKUN



Aðalskipulag Svalbarösstrandarhrepps
2025 - 2037

Mars 2026



LANDSLAG

Efnisyfirlit

Samþykkt	6
1 Inngangur	7
1.1 Um aðalskipulag	7
1.2 Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2025 - 2037	7
1.3 Skipulagsferlið og samráð	8
1.4 Vinnslutillaga	9
1.5 Samþykktarferli	9
1.6 Skipulagsgögn	9
2 Leiðarljós	11
2.1 Meginmarkmið	11
2.1.1 Umhverfismál	11
2.1.2 Byggðamál	11
2.1.3 Atvinnumál	12
2.1.4 Fræðslu- og velferðarmál	12
2.1.5 Samgöngur og veitumál	12
3 Forsendur	14
3.1 Skipulagssvæðið	15
3.2 Þróun byggðar	15
3.3 Lýðfræði	17
3.4 Atvinnulíf	20
3.5 Náttúrufar og landslag	21
3.6 Jarðfræði	21
3.7 Veðurfar	21
3.8 Gróðurfar og dýralíf	24
3.9 Ár vötn og strendur	25
3.10 Landslag og víðerni	25
4 Landnotkun	28
4.1 Stefnumörkun - byggð	28
4.2 Íbúðarbyggð (ÍB)	28
4.2.1 Íbúðarbyggð í þéttbýlinu Svalbarðseyri	29
Íbúðarbyggð í dreifbýli	30
4.2.2 Stefna um rekstrarleyfisskylda starfsemi á íbúðarsvæðum	33
4.3 Frístundabyggð (F)	34
4.3.1 Stefna um rekstrarleyfisskylda starfsemi í frístundabyggð	36

5	Stefnumörkun – atvinnusvæði.....	37
5.1	Miðsvæði (M)	37
5.2	Verslun og þjónusta (VP)	38
5.3	Samfélagsþjónusta (S)	40
5.4	Athafnasvæði (AT)	42
5.5	Iðnaðarsvæði (I).....	43
5.6	Hafnir (H)	45
5.7	Landbúnaðarsvæði (L)	46
5.7.1	Flokkun landbúnaðarlands	49
5.8	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	52
6	Stefnumörkun - græn svæði	53
6.1	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	53
6.2	Íþróttasvæði (ÍÞ)	54
6.3	Kirkjugarðar og grafreitir (K).....	55
6.4	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	56
6.5	Opin svæði (OP)	58
6.6	Óbyggð svæði (ÓB)	59
7	Stefnumörkun - samgöngur	61
7.1	Almenningssamgöngur	61
7.2	Vegir.....	61
	Vegir í náttúru Íslands.....	63
7.3	Göngu- og hjólastígar, gönguleiðir og reiðleiðir	64
8	Stefnumörkun - veitur.....	65
8.1	Vatnsveita (V)	65
8.2	Hitaveita (H).....	65
8.3	Fráveita (F).....	66
8.4	Rafveita (R)	67
8.5	Ljósleiðari (L).....	67
9	Stefnumörkun - vatn, vernd og vá	68
9.1	Vötn, ár og sjór (V).....	69
9.2	Strandsvæði (ST).....	69
9.3	Vatnsból (VB) og vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF)	69
9.3.1	Brunnsvæði (VB).....	70
9.3.2	Grannsvæði (VG)	70
9.3.3	Fjarsvæði (VF).....	71
9.4	Minjavernd (MV)	71

9.4.1	Fornminjar	72
9.4.2	Byggingar	72
9.5	Náttúruvernd	73
9.6	Önnur náttúruvernd (ÖN).....	73
9.7	Hverfisverndarsvæði (HV).....	73
9.7.1	HV-1: Eyrin.....	74
9.7.2	HV-2: Knarrarnes	74
9.8	Varúðarsvæði eða aðrar takmarkanir (VA)	74
9.9	Svæði undir náttúruvá (NV).....	75
9.9.1	Sjávarflóð.....	75
9.9.2	Eldgos	75
9.9.3	Hætta vegna loftslagsbreytinga	75
9.9.4	Ofanflóð.....	76
9.9.5	Jarðskjálftar	76
10	Samræmi við aðrar áætlanir	78
10.1	Samræmi aðalskipulags við svæðisskipulag.....	78
10.2	Landsskipulagsstefna 2024-2038.....	78
10.3	Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga	79
10.4	Svæðisskipulag Eyjafjarðar.....	79
10.5	Samgönguáætlun og vegáætlun	80
10.6	Náttúruverndaráætlun.....	80
10.7	Kerfisáætlun	80
10.8	Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða	80
10.9	Markmið stjórnvalda í loftslagsmálum	81
10.10	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	82
10.11	Aðrar áætlanir	82
11	Breytingar frá Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008 – 2020.....	83
12	Umhverfisskýrsla.....	84
12.1	Viðfangsefni umhverfismats	84
12.2	Umhverfisþættir og viðmið	84
12.3	Vægi umhverfisáhrifa.....	86
12.4	Mat á umhverfisáhrifum	87
12.5	Samanlögð áhrif og niðurstaða	89
13	Heimildaskrá	90

Myndaskrá

Mynd 1 Við nyrstu mörk Svalbarðsstrandarhrepps	10
Mynd 2 Afmörkun Svalbarðsstrandarhrepps í Eyjafirði	15
Mynd 3 Þróun íbúafjölda Svalbarðsstrandarhrepps	16
Mynd 4 Spá húsnæðisáætlunar 2024 um íbúðapróun næstu 10 ára	16
Mynd 5 Samanburður á Fjölskyldumynstri 2014 - 2024	17
Mynd 6 Þróun í fjölda íbúa með erlent ríkisfang	18
Mynd 7 Dreifing eftir ríkisfangi	18
Mynd 8 Dreifing eftir kyni	19
Mynd 9 Samanburður á íbúafjölda eftir aldri og kyni milli áranna 2014 - 2024	19
Mynd 10 Samanburður íbúafjölda eftir aldursflokkum milli áranna 2014 - 2024	20
Mynd 11 Vindrós fyrir ríkjandi vindáttir í Svalbarðsstrandarhreppi	22
Mynd 12 Ríkjandi vindátt og sólargangur í Svalbarðsstrandarhreppi	23
Mynd 13 Meðalhiti úr veðurstöð á Akureyri undanfarin 30 ár	24
Mynd 14 Meðalhiti úr veðurstöð á Akureyri undanfarin 10 ár	24
Mynd 15 Svalbarðstjörn	25
Mynd 16 Landslags greining fyrir Svalbarðsstrandarhrepp – mynd af vefsja.is	26
Mynd 17 Viðerni innan sveitarfélagamarka Svalbarðsstrandarhrepps – mynd af vefsja.is	27
Mynd 18 Svæði fyrir íbúðarbyggð í þéttbýli Svalbarðseyrar	30
Mynd 19 Svæði fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli	33
Mynd 20 Svæði fyrir frístundabyggð	36
Mynd 21 Svæði fyrir miðsvæði	38
Mynd 22 Svæði fyrir verslun- og þjónustu	40
Mynd 23 Svæði fyrir samfélagsþjónustu	41
Mynd 24 Svalbarðskirkja	42
Mynd 25 Svæði fyrir athafnastarfsemi	43
Mynd 26 Svæði fyrir iðnaðarstarfsemi	45
Mynd 27 Svæði fyrir hafnarstarfsemi	46
Mynd 28 Svæði landbúnaðarlands	48
Mynd 29 Ræktarland í flokki 1 í norðurhluta hreppsins	49
Mynd 30 Flokkun ræktarlands m.t.t. hæðar og landhalla	51
Mynd 31 Svæði fyrir afþreyingar- og ferðamannþjónustu	54
Mynd 32 Svæði fyrir íþróttaiðkun	55
Mynd 33 Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu	58
Mynd 34 Opin svæði	59
Mynd 35 Óbyggð svæði	60
Mynd 36 Grenivíkurvegur til norðurs út Eyjafjörð	62
Mynd 37 Sneiðingur - Nýttur m.a. sem útivistarstígur	64
Mynd 38 Lagning hitaveitu um Vaðlareit úr Vaðlaheiðargöngum í Skógarböð	66
Mynd 39 Áætlun um hönnunarhröðun eftir svæðum í Svalbarðsstrandarhreppi	77

Töfluskrá

Tafla 1 Fjöldi gististaða í Svalbarðsstrandarhreppi	20
Tafla 2 Landbúnaðarland í Svalbarðsstrandarhreppi	47
Tafla 3 Úr leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands.....	50
Tafla 4 Flokkun vega skv. lögum um náttúruvernd	63
Tafla 5 Tafla yfir vegi í náttúru Íslands innan Svalbarðsstrandarhrepps	63

1. útgáfa: 30. apríl 2025

Uppfært eftir kynningu á vinnslustigi 18. ágúst 2025

Uppfært eftir athugun Skipulagsstofnunar 2. október 2025

Uppfært eftir athugun Skipulagsstofnunar 11. mars 2026

Unnið fyrir Svalbarðsstrandarhrepp

Landslag ehf.

Greinargerðir: Atli Steinn Sveinbjörnsson

Uppdrættir: Atli Steinn Sveinbjörnsson

Ljósmyndir: Svalbarðsstrandarhreppur

Samþykkt

Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2025 - 2037 sem auglýst hefur verið skv. 30.-32. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Svalbarðsstrandarhrepps

þann _____

Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Svalbarðsstrandarhrepps

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

1 Inngangur

Hér eru lögð fram vinnslutillaga að aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið Svalbarðsstrandarhrepp byggð m.a. á Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020. Sett er fram stefna til ársins 2037 um landnotkun í sveitarfélaginu, þróun byggðar, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Stefnan varðar hagsmuni allra íbúa, landeigenda og fyrirtækja sem í sveitarfélaginu eru. Aðalskipulag er mikilvægt stjórnæki fyrir þróun samfélagsins og aðkoma íbúa og annarra hagsmunaaðila stuðlar að því að niðurstaða sé fengin á lýðræðislegan og gagnsæjan hátt. Eftir að aðalskipulag hefur verið staðfest verða allar framkvæmdir að vera í samræmi við þá stefnu sem hér er lögð fram.

1.1 Um aðalskipulag

Aðalskipulag er lögboðin skipulagsáætlun sem nær til eins sveitarfélags og er samþykkt af sveitarstjórn og staðfest af Skipulagsstofnun. Með gerð aðalskipulags setur sveitarstjórn fram stefnu í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag er stjórnæki sem notað er til þess að ná tilteknum markmiðum um þróun sveitarfélagsins og tryggja að ráðstöfun lands fari fram með skynsömum og hagkvæmum hætti eins og fram kemur í skipulagslögum.

Aðalskipulagi er ætlað að tryggja að framkvæmdir í sveitarfélaginu verði samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun sem unnin er í samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Skipulaginu er ætlað að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og landnýtingar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi þar sem tekið er tillit til verndar landslags, náttúru og menningarverðmæta og komið í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu.

Samkvæmt skipulagslögum er allt land skipulagsskylt. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga eru þrenns konar; svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag auk landsskipulags, sem unnið er af Skipulagsstofnun að frumkvæði ráðherra og leggur línur um skipulagsmál sveitarfélaga.

Svæðisskipulag nær yfir tvö eða fleiri sveitarfélög og hlutverk þess er að samræma stefnu viðkomandi sveitarfélaga í skipulags- og umhverfismálum. Aðalskipulag er yfirlits- eða heildarskipulag eins sveitarfélags. Í deiliskipulagi er síðan gerð nákvæm grein fyrir notkun lands, nýtingarhlutfalli, byggðamynstri, húsagerð, tilhögun umferðarkerfis, lóðum og byggingarreitum eftir því sem við á innan afmarkaðra reita, hverfa eða bæjarhluta. Stigskipting skipulagsáætlana felur í sér að innbyrðis samræmi þarf að vera í skipulagsáætlunum á öllum stigum.

1.2 Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2025 - 2037

Gildistími Aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 er runninn út en áætlunin heldur gildi sínu þar til að nýtt aðalskipulag tekur gildi. Samkvæmt 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn meta að loknum sveitarstjórnarkosningum hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið og skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun. Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga 2018 var hafin vinna við endurskoðun aðalskipulagsins og var Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. ráðin til verksins en hún vann gildandi aðalskipulag. Að loknum sveitarstjórnarkosningum 2022 tók sveitarstjórn ákvörðun um að taka aftur upp vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins og eru rökin fyrir því m.a. eftirfarandi:

- 15 ár eru liðin frá því að aðalskipulagið öðlaðist gildi og gildistími þess er liðinn, því er talið rétt að yfirfara og endurskoða stefnuna til samræmis við þær breytingar sem hafa orðið á skipulagslögum frá gildistöku m.a. er varðar breytingar á lögum og reglugerðum, skilyrða um flokkun landbúnaðarlands og gerð stafræns skipulags.
- Frá gildistöku gildandi aðalskipulags hefur Landsskipulagsstefna öðlast gildi sem og Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024. Við gerð aðalskipulags ber að taka mið af stefnu svæðisskipulags og landsskipulagsstefnu.

Leiðarljós og meginmarkmið aðalskipulagsins eru höfð í upphafi greinargerðar og á eftir fylgja almenn ákvæði í upphafi hvers málaflokks með stefnumörkun fyrir hvern flokk.

Landslag ehf. hefur umsjón með endurskoðun aðalskipulagsins og ritstjórn þeirrar vinnu er í höndum Ómars Ívarssonar skipulagsfræðings SFFÍ.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur umsjón með vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins ásamt skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

Í sveitarstjórn eru eftirtaldir:

- Anna Karen Úlfarsdóttir
- Bjarni Þór Guðmundsson
- Gestur Jensson
- Hanna Sigurjónsdóttir
- Ólafur Rúnar Ólafsson

1.3 Skipulagsferlið og samráð

Skipulags- og matslýsing

Skipulags- og matslýsing Aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2025 – 2037 var samþykkt til kynningar á fundi sveitarstjórnar 30. janúar 2024. Lýsingin var til kynningar frá 7. febrúar til 6. mars 2024 með opnu húsi í Ráðhúsi Svalbarðsstrandarhrepps, á heimasíðu sveitarfélagsins og á Skipulagsgátt.

Á kynningartíma lýsingarinnar gafst landeigendum, íbúum, hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum tækifæri til að senda inn ábendingar um fyrirhugaða skipulagsvinnu. Umsagnarbeiðni um lýsinguna var send umsagnaraðilum og voru ábendingar nýttar við vinnslu tillögunnar.

Umsagnaraðilar

- Akureyrarbær
- Eyjafjarðarsveit
- Grýtubakkahreppur
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Íbúar og landeigendur
- Landsnet
- Minjastofnun Íslands
- Míla
- Náttúrufræðistofnun Íslands

- Norðurorka
- Óshólmanefnd
- Rarik
- Skipulagsstofnun
- Skógræktin og Skógræktarfélag Eyfirðinga
- Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar
- Tengir
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin
- Veiðifélag Eyjafjarðarár
- Þingeyjarsveit

Samráð

Við upphaf skipulagsvinnunnar í ágúst 2024 var íbúum og landeigendum boðið að senda inn ábendingar og áform í endurskoðað aðalskipulag. Tekin var afstaða til athugasemda sem bárust og þær nýttar við mótun tillögunnar.

1.4 Vinnslutillaga

Áður en tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan kynnt á vinnslustigi fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum með almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynning tillögu á vinnslustigi fór fram á opnum fundi í Valsárskóla á Svalbarðseyri þann 30. apríl 2025.

1.5 Samþykktarferli

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og hvort gera skuli breytingar á tillögunni sbr. 32. gr. skipulagslaga. Þegar sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur samþykkt tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi verður tillagan send Skipulagsstofnun ásamt samantekt um málsmeðferð. Þeim sem gerðu athugasemdir skulu send afgreiðsla og umsögn sveitarstjórna og niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.

Nýtt aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

1.6 Skipulagsgögn

Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2025 – 2037 samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð þessari sem inniheldur stefnumörkun aðalskipulagsins, forsendur og umhverfisskýrslu.
- Skipulagsuppdrætti:
 - Sveitarfélagsuppdráttur, í mælikvarða 1:20.000 í blaðstærð A1 með þéttbýlis uppdrætti í mælikvarða 1:10.000
- Eftirfarandi séruppdráttum

- Vegir í náttúru Íslands, í mælikvarða 1:10.000 á A3
- Flokkun landbúnaðarlands, í mælikvarða 1:20.000 á A3

Á skipulagsuppdráttum er landnotkun almennt afmörkuð en þar sem því er ekki við komið vegna mælikvarða er landnotkun skilgreind með hringtákni. Stærðarviðmið hringtáknis er allt að 3 ha.



Mynd 1 Við nyrstu mörk Svalbarðsstrandarhrepps

2 Leiðarljós

Í Svalbarðsstrandarhreppi er lögð áhersla á fjölbreytta búsetukosti í góðum tengslum við umhverfi, náttúru og öflugt atvinnulíf þar sem hefðbundinn landbúnaður, ferðaþjónusta og matvælaíðnaður eru grunnstoðirnar.

2.1 Meginmarkmið

Sú stefna sem sett er fram í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps er unnin eftir fimm meginmarkmiðum: Umhverfismál, byggðamál, atvinnumál, fræðslu- og velferðarmál & samgöngu- og veitumál.

2.1.1 Umhverfismál

Umhverfismálum verði sinnt markvisst, áhersla lögð á snyrtilega umgengni, bestu lausnir í sorpálum á hverjum tíma og að atvinnustarfsemi taki mið af umhverfisvænum sjónarmiðum.

- Unnið skal að því að íbúar séu vel upplýstir og meðvitaðir um mikilvægi þátttöku sinnar í umhverfisvernd.
- Í Svalbarðsstrandarhreppi skal viðhöfð góð umgengni svo að frágangur lausamuna verði ekki lýti á umhverfi og ásýnd lands. Undir þetta fellur m.a. varðveisla á ökutækjum og stærri vélum. Leitast skal við að tækjum og öðru lausafé sé raðað á snyrtilegan hátt á afmörkuðum svæðum eða fargað á viðeigandi hátt.
- Umgengni og frágangur efnistökusvæða og annað jarðrask skal útfærast svo að ekki verði lýti af eða ónæði fyrir íbúa og gesti sveitarfélagsins.
- Lögð skal áhersla á gott aðgengi að náttúru og góða umgengni á útivistarsvæðum innan sveitarfélagsins með aðstöðu til útivistar og afþreyingar.

2.1.2 Byggðamál

Íbúum standi til boða fjölbreytt og vandað búsetuumhverfi, jafnt í þéttbýli á Svalbarðseyri og í dreifðri íbúðarbyggð sveitarfélagsins. Svalbarðseyri verður eini þéttbýlisstaðurinn í sveitarfélaginu.

- Svalbarðsstrandarhreppur skal einkennast af snyrtilegri ásýnd, góðri umgengni og vönduðum byggingum sem falla vel að umhverfi og náttúru.
- Lögð skal megináhersla á áframhaldandi uppbyggingu íbúðarbyggðar á Svalbarðseyri með fjölbreyttum byggingarlóðum í aðlaðandi umhverfi.
- Íbúðarbyggð utan þéttbýlis skal skipulögð með það í huga að íbúar njóti tengsla við umhverfi og náttúru. Þéttleiki skal vera að hámarki þrjár íbúðir á hektara.
- Frístundabyggð skal afmörkuð við sérstök svæði og ný frístundabyggð skal aðgreind frá annarri byggð með skýrum hætti.
- Byggingar á lögbýlum, utan búreksturs, verði heimilar í takmörkuðum mæli á landbúnaðarlandi þar sem aðstæður leyfa.

2.1.3 Atvinnumál

Í Svalbarðsstrandarhreppi skal vera öflugt og fjölbreytt atvinnulíf, sem m.a. byggist á mannauði, landbúnaði, matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu og tekur mið af umhverfissjónarmiðum s.s. í fráveitumálum og nýtingu orku og hráefna.

- Lögð er áhersla á að gott landbúnaðarland í mið- og norðurhluta hreppsins verði áfram nýtt til landbúnaðar.
- Stuðlað er að áframhaldandi öflugu atvinnulífi þar sem stutt er við atvinnuuppbyggingu og nýsköpun.
- Skipulag á Svalbarðseyri skal stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum með framboði lóða og húsnæðis undir atvinnustarfsemi.
- Heimilt verði að stunda skógrækt á landbúnaðarlandi í flokki L2 á allt að 3 ha. Stefnt skal að aukinni skógrækt til skjóls, útivistar, viðarframleiðslu, landbóta og annarra nytja.
- Þess skal gætt að skógrækt spilli ekki svæðum sem eru mikilvæg vegna náttúrufars, auðlinda og útivistar, t.d. útsýnisstöðum. Einnig skal þess gætt að minjastöðum og fornleifum verði ekki raskað með trjá- og skógrækt. Einnig skal hugað að því að trjá- og skógrækt valdi ekki snjósöfnun á vegum.

2.1.4 Fræðslu- og velferðarmál

Sveitarfélagið verði áfram fjölskylduvænt sveitarfélag og að það verði ákjósanlegt fyrir barnafólk að búa í sveitarfélaginu og að eldri borgurum gert kleift að njóta æviáranna í tengslum við fjölskyldu og vini.

- Skólastarf verði áfram öflugt í sveitarfélaginu þar sem unnið er með einstaklingsmiðað skólastarfs sem undirbýr einstaklinga undir framtíðina.
- Markvisst sé unnið að samþættingu námsgreina og áhersla lögð á útiskóla og grenndarkennslu.
- Áframhaldandi uppbygging verði á húsakosti og aðbúnaði leik- og grunnskóla.
- Skólastarf miði að eflingu fræðslu og menningarmála í sveitarfélaginu með samþættingu skóla og samfélags.
- Þjónusta við aldraða verður áfram unnin í samstarfi við önnur sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu og íbúum gert kleift að búa heima og njóta góðrar þjónustu.

2.1.5 Samgöngur og veitumál

Samgöngur skulu góðar og greiðar innan sveitarfélagsins og öryggi allra vegfarenda tryggt eins vel og kostur er.

- Stuðlað skal að uppbyggingu á vistvænum samgöngum í sveitarfélaginu. Gangandi og hjólandi vegfarendur skulu geta notið útivistar og komist ferða sinna um göngu- og hjólastíg sem liggur í gegnum sveitarfélagið.
- Hugað skal að uppbyggingu innviða vegna vistvænna samgangna í sveitarfélaginu.
- Lögð skal áhersla á að fjarskiptamál í sveitarfélaginu fylgi tækniþróun á hverjum tíma.

- Fyrirtækjum og íbúum í sveitarfélaginu skal tryggt nægt neysluvatn auk þess sem nægjanlegt vatn til slökkvistarfa skal vera fyrir hendi innan hæfilegra fjarlægðarmarka frá allri byggð.
- Umfang úrgangs verði minnkað og flokkun og endurnýting úrgangs aukin. Stefnt er að því að íbúar og fyrirtæki greiði gjald eftir því magni úrgangs sem losað er.
- Unnið verði að umbótum í fráveitumálum innan sveitarfélagsins og komið á hreinsun fráveitu.

3 Rammahluti aðalskipulags – þróun byggðar í Vaðlaheiði

Rammahluti aðalskipulags - þróun byggðar í Vaðlaheiði, var unnið á árunum 2024-2025 og öðlaðist gildi í ársbyrjun 2026. Skipulagssvæðið er um 1090 ha og er bæði innan Eyjafjarðarsveitar og Svalbarðsstrandarhrepps.

Rammaskipulagið fjallar um þróun frístunda- og íbúðarbyggðar á svæði sem nær til beggja sveitarfélaganna og er skipulagið sett fram sem ein heildstæð stefna sem rammahluti aðalskipulags hvors sveitarfélaga. Stefnan er forsenda deiliskipulagsgerðar og framkvæmda við uppbyggingu á byggðum innan skipulagssvæðis í Vaðlaheiði.

Þar sem rammaskipulagið var sett fram sem rammahluti gildandi aðalskipulags beggja sveitarfélaga verður það uppfært samhliða vinnu við nýtt aðalskipulag en uppfærslan felst þó aðeins í númerum landnotkunarreita, vísun í gildandi aðalskipulag o.fl., en stefna rammaskipulagsins helst óbreytt.

Uppfærður rammahluti aðalskipulags – þróun byggðar í Vaðlaheiði verður því samþykktur á ný samhliða nýju aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps og vera viðauki við það.

Hér að neðan eru helstu upplýsingar úr rammaskipulaginu en nánari upplýsingar má finna í greinargerð rammahluta aðalskipulags - þróun byggðar í Vaðlaheiði.

Tilgangur með gerð rammahluta aðalskipulags er að leggja fram heildstæða stefnu um þróun byggðar í Vaðlaheiði til framtíðar. Stuðlað verði að hagkvæmri þróun íbúðarbyggðar í dreifbýli og frístundabyggðar og gætt skuli að umhverfissjónarmiðum. Horft er á skipulagssvæðið sem eina heild þrátt fyrir að um tvö sveitarfélög sé að ræða. Með heildarstefnu fyrir svæðið verður leitast við að nýta eiginleika svæðisins með skynsamlegum hætti.

Markmið skipulagsins er að skipuleggja aðlaðandi og búsetuvæna byggð með dreifbýlisfirbrigði sem falli vel að náttúrulegu umhverfi svæðisins. Lögð er áhersla á að umhverfi byggðar styrki lífsgæði íbúa og tryggi að íbúar geti notið gæða svæðisins sem einkennast af friðsæld, rými og náttúru. Stefnt er að því að rammahluti aðalskipulags verði forsögn fyrir gerð deiliskipulagsáætlana og uppbyggingu á svæðinu til framtíðar.


Viðfangsefni skipulagsins er skipt í eftirfarandi fjóra kafla en skilmálar sem settir eru í hverjum kafla eru einnig skilmálar sem settir eru fyrir sömu kafla í aðalskipulagi.

- **Byggð**
 - Sett er fram stefna um yfirbragð byggðar og skilgreind svæði fyrir möguleg frístunda- og íbúðarsvæði til framtíðar.
- **Samgöngur**
 - Sett er fram stefna um yfirbragð á götummynd byggðar og skilgreindar tengingar milli svæða og stígakerfi.
- **Umhverfi**
 - Sett er fram stefna um yfirbragð dvalar-, leik- og útivistarsvæða.
- **Veitur**
 - Sett er fram stefna um veitur og þjónustu í tengslum við framtíðaruppbyggingu.

4 Forsendur

4.1 Skipulagssvæðið

Sveitarfélagið Svalbarðsstrandarhreppur er um 54 km² að stærð, staðsett við austurströnd Eyjafjarðar og nær 14 kílómetra frá norðri til suðurs. Þar sem landssvæði sveitarfélagsins er breiðast eru um 5 kílómetrar frá strönd upp að sveitarfélagsmörkum í vesturhlíð Vaðlaheiðar. Svæðið einkennist af ríkulegu náttúrufari og útsýni yfir Eyjafjörð. Í norðurhluta sveitarfélagsins er stundaður landbúnaður en eftir því sem sunnar dregur í sveitarfélaginu rísa brattir hjallar upp frá ströndinni og hefur þar verið eftirspurn eftir uppbyggingu íbúðar- og frístundahúsa sem byggð hafa verið í þyrpingum. Unninn hefur verið rammahluti aðalskipulags fyrir þróun íbúðar- og frístundabyggðar í samstarfi við Eyjafjarðarsveit þvert á sveitarfélagamörk. Sú stefna mun falla inn í endurskoðað aðalskipulag. Þéttbýli er á Svalbarðseyri og þar var íbúafjöldi 265 manns í lok árs 2023 og 506 í sveitarfélaginu öllu.




Mynd 2 Afmörkun Svalbarðsstrandarhrepps í Eyjafirði

4.2 Þróun byggðar

Upp úr aldamótunum 1900 byggðist upp þéttbýliskjarni úr landi Svalbarðs, Svalbarðseyri. Þar er að finna þéttbýlis- og þjónustukjarna sveitarfélagsins en þess utan eru skilgreindir reitir undir íbúðarbyggð í sunnanverðu sveitarfélaginu.


Afmörkun þéttbýliskjarnans Svalbarðseyri er umhverfis núverandi og fyrirhugaða byggð, sjá nánar á aðalskipulagsuppdraetti. Stærð þéttbýliskjarnans er um 70 ha.

Íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað jafnt og þétt síðastliðin ár en í ársbyrjun 2024 bjuggu 491 íbúar í sveitarfélaginu og af þeim bjuggu 265 í þéttbýlinu á Svalbarðseyri. Frá árinu 1998 hefur íbúum sveitarfélagsins fjölgað um 149 íbúa. Fjölgun íbúa síðastliðinna 10 ára er um 29,5% og síðustu 3ja ára 14,4%. Á landsvísi hefur á sama tíma fjölgað um 20% á s.l. 10 árum og 7% s.l. 3 ár.



Mynd 3 Þróun íbúafjölda Svalbarðsstrandarhrepps

Í Húsnæðisáætlun Svalbarðsstrandarhrepps 2024 kemur fram að vaxtarspá sveitarfélagsins taki mið af eftirspurn eftir lóðum í sveitarfélaginu. Miðspá húsnæðisáætlunar Svalbarðsstrandarhrepps gerir ráð fyrir um þriggja prósentu vexti til næstu 10 ára sem þýðir að íbúafjöldi gæti orðið um 659 manns árið 2034. Framreiknaður yrði íbúafjöldi sveitarfélagsins 721 við lok skipulagstímabilsins árið 2037.




Mynd 4 Spá húsnæðisáætlunar 2024 um íbúapróun næstu 10 ára

Svalbarðsstrandarhreppur er á vaxtarsvæði Akureyrar þar sem stutt er í verslun og þjónustu. Í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps er lögð áhersla á fjölbreytta búsetukosti, bæði í þéttbýli Svalbarðseyrar og í dreifbýlinu sem býður annarskonar umhverfisgæði. Stefnt er að því að nýta vaxtartækifæri Svalbarðseyrar og styrkja þéttbýli sveitarfélagsins en einnig er vilji til að ráðstafa landi undir íbúðarbyggð í dreifbýlinu þar sem þess gefst kostur. Í dreifbýlinu bjóðast möguleikar á stærri lóðum og annarskonar búsetulandslagi í nánum tengslum við náttúrulegt umhverfi.

Samkvæmt húsnaðisáætlun Svalbarðsstrandarhrepps eru fjöldi íbúa í hverri íbúð um 2,66 og ef sú tala er reiknuð áfram fyrir miðspá húsnaðisáætlunar, sem áætla 721 íbúa fjölgun á tímabilinu, má gera ráð fyrir því að til næstu 13 ára þurfi að gera ráð fyrir um 21 íbúð á ári eða um 271 íbúð á skipulagstímabilinu.


4.3 Lýðfræði

Á 10 ára tímabili, frá 2014 til 2024, hafa breytingar átt sér stað í fjölskyldumynstri sveitarfélagsins. Á mynd hér að neðan eru dregin saman gögn um fjölskyldusamsetningar í Svalbarðsstrandarhreppi árið 2014 og 2024. Helstu breytingar eru þær að fjöldi hjónabanda án barna hefur nánast tvöfaldast frá árinu 2014, óvígðar sambúðir með börnum hafa aukist um 35% borið saman við árið 2014 en óvígðum sambúðum án barna hefur fækkað lítillega. Fjöldi einstakra karlmannna með börn hefur fækkað úr 5 í 0 en fjöldi einstakra kvenna með börn stendur í stað og er 10 árið 2024 í stað 11 árið 2014. Einstaklingum án barna sem ekki eru skráðir í sambúð hefur fjölgað um 22%.




Mynd 5 Samanburður á Fjölskyldumynstri 2014 - 2024

Á síðustu árum hefur fjöldi íbúa á Svalbarðseyri með erlent ríkisfang fjölgað á sambærilegan hátt og í annarsstaðar á landinu. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang var 18% á landsvísi árið 2024 sem er nokkuð hærra en hlutfall íbúa í Svalbarðsstrandarhreppi þar sem hlutfallið er 12,6%. Þegar litið er til ársfjórðungstalna má sjá nokkrar sveiflur þar sem fjöldi erlendra ríkisborgara eykst á 3. ársfjórðungi hvers árs sem má að öllum líkindum rekja til árlegrar eftirspurnar eftir vinnuafli í kjötvinnslu Kjarnafæði Norðlenska.




Mynd 6 Þróun í fjölda íbúa með erlent ríkisfang

Mestur hluti þeirra íbúa sem búa í Svalbarðsstrandarhreppi og eru með erlent ríkisfang koma frá Póllandi, eða 87%. Hlutfall annarra þjóðarbrotadreifist jafnt og er samtals 13% af þeim sem búa í Svalbarðsstrandarhreppi og eru með erlent ríkisfang. Skiptingu eftir ríkisfangi má sjá á mynd hér að neðan.




Mynd 7 Dreifing eftir ríkisfangi

Sé litið til þróunar íbúafjölda eftir kyni undanfarin 10 ár má sjá hvernig dregur úr milli karla og kvenna frá árinu 2014 og verður hlutfall karla 58% árið 2017 og 59% árið 2018. Undanfarin ár hefur hlutfallið náð jafnvægi að nýju og er 53% karla og 47% kvenna árið 2024. Enginn í sveitarfélaginu er skráður sem annað kyn undanfarin 10 ár.




Mynd 8 Dreifing eftir kyni

Sé litið til aldursdreifingar íbúa Svalbarðsstrandarhrepps árið 2024 og hún borin við árið 2014 má sjá að fjölgað hefur í eldri aldurshópum en sömuleiðis í þeim yngsta.



Mynd 9 Samanburður á íbúafjölda eftir aldri og kyni milli áranna 2014 - 2024

Sé mismunur milli árganga áranna 2014 og 2024 tekinn saman í súluriti sést betur hvernig fjölgað hefur í öllum aldurshópum nema í aldurshópnum 40 – 49 þar sem hefur fækkað um fjóra og í aldurshópnum 20 – 29 hefur fækkað um þrjá. Mest aukning hefur farið fram í aldurshópnum 60 – 69 þar sem hefur fjölgað um 30. Samanteknar tölur má sjá í súluriti á mynd hér að neðan.



Mynd 10 Samanburður íbúafjölda eftir aldursflokkum milli árunna 2014 - 2024

4.4 Atvinnulíf

Atvinnusóknarsvæði Svalbarðsstrandarhrepps er víðfeðmt og fjölbreytt úrval atvinnutækifæra í nágrannasveitarfélögum. Í sveitarfélaginu hefur nokkur uppbygging átt sér stað í ferðaþjónustu á undanförunum áratugum, landbúnaðarbyggingum hefur verið breytt í gistiðstöðu og sérhæfð gistiheimili verið byggð ýmist með eða án heimildar til veitingasölu.

Heiti	Tegund	Hámarksfjöldi gesta
Sunnuhlid houses	G Íbúðir	14
Hótel Natur	A Hótel	69
Helgafell	C Minna gistiheimili	10
Sunrock Cottage	C Minna gistiheimili	8
Geldingsá lóð nr. 20	C Minna gistiheimili	8
Viking Cottages	H Frístundahús	10
Viking Cottages	H Frístundahús	3
Kotabyggð 14	H Frístundahús	2
Heiðarsel	H Frístundahús	7
Hotel North	B Stærri gistiheimili	21
Geldingsá	G Íbúðir	10
Hótel Sveinbjarnargerði	A Hótel	100
Leifshús		20
Samtals		282

Tafla 1 Fjöldi gististaða í Svalbarðsstrandarhreppi

Á Svalbarðseyri er rekin kjötvinnslan Kjarnafæði Norðlenska sem er stærsti vinnustaður sveitarfélagsins með um 118 stöðugildi. Hjá sveitarfélaginu eru um 38 stöðugildi í skólum sveitarfélagsins, í áhaldahúsi og á skrifstofu.

4.5 Náttúrufar og landslag

Svalbarðsstrandarhreppur er í vesturhlíð Vaðlaheiðar sem rís upp frá austurströnd Eyjafjarðar. Hlíðin er brött nyrst í hreppnum og er þar sums staðar skriðuhætta. Svalbarðsströnd er gróðursæl og hentar ágætlega til landbúnaðar þótt undirlendi sé lítið. Vegna landhalla og hæðar yfir sjávarmáli er lítið um gott ræktarland en landbúnaður er stundaður í mið- og norðurhluta hreppsins. Klappir og hjallar setja sterkan svip á suðurhlutann þar sem er minna um tún og ræktarland lakara.

Heiðin er að öðru leyti nokkuð einsleit og án sérstakra kennileita eða einkenna. Um hana liggja þjóðleiðir yfir í Fnjóskadal og gamli Vaðlaheiðarvegurinn.

4.6 Jarðfræði

Skipulagssvæðið er á svokölluðu vestara blágrýtissvæði, en það nær frá Bárðardal og til suðvesturs um landið að Reykjanesskaga. Þetta svæði er hlaðið upp af hraunlögum sem runnið hafa á tertíertíma, fyrir 3 til 15 milljónum ára.

Elstu berglögin á Eyjafjarðarsvæðinu eru utan til við fjörðinn en þegar innar dregur bætast yngri berglög ofan á. Þegar eldvirkni á Mið-Norðurlandi lauk fyrir um 3 milljónum ára var svæðið í stórum dráttum bunguvaxin háslétta, 1000-1500 m há, sem jöklar ísaldar hafa svo sorfið niður.


Jarðvegur í Svalbarðsstrandarhreppi er að miklu leyti frjósamur hlíða- og mýrajarðvegur og er yfirleitt nokkuð vel fallinn til ræktunar. Uppblásturshætta er lítil, nema þá helst efst í Vaðlaheiðarhlíðum. Efnisinnihald jarðvegs er mismunandi á Eyjafjarðarsvæðinu eftir flokkum og milli útsveitar og innsveitar.

4.7 Veðurfar


Í Eyjafirði geta vetur orðið snjóþungir og sumardagar hlýir í sunnanþey. Hafgolu gætir þó víðast í Eyjafirði á sólríkum sumardögum og eru norðvestanáttir því tíðar að sumarlagi.

Engin viðurkennd veðurstöð er í Svalbarðsstrandarhreppi en úr gögnum frá Veðurstofu Íslands má sjá áætlaða tíðni vindátta, þar sést hvernig ríkjandi vindáttir á Svalbarðseyri eru úr suðri og suðaustri. Einnig er merkjanlegt hvernig vindur stefnir að sveitarfélaginu úr norðvestri þar sem hafgola að sumri lekur stórt hlutverk.

Á myndum hér að neðan má sjá hvernig ríkjandi vindáttir leika um sveitarfélagið og hvernig sveitarfélagið liggur mót sólu.




Mynd 11 Vindrós fyrir ríkjandi vindáttir í Svalbarðsstrandarhreppi




Mynd 12 Ríkjandi vindátt og sólargangur í Svalbarðsstrandarhreppi

Úr veðurstöð á Akureyri eru aðgengileg gögn sem yfirfæra má á Eyjafjörð með tilliti til þróunar í veðurfari þó að veðurfar geti almennt verið mjög ólíkt á Akureyri og annarsstaðar í Eyjafirði. Meðal hitastig á Akureyri frá 1994 er 4,18°C en meðalhiti undanfarinna 10 ára er 4,38°C. Með síauknu magni gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpnunum fer hitastig hækkandi á hnattvísu en ýmislegt bendir til þess að áhrifin gætu orðið önnur með bráðnun norðurheimskautsins og auknu magni ferskvatns úr norðri til móts við golfstrauminn úr suðri. Meðalhiti á veðurstöðinni á Akureyri hefur farið niður á við sé litið til s.l. 10 ára og þar eru meiri breytingar á meðal lágmarkshita en meðal hámarkshita.



Mynd 13 Meðalhiti úr veðurstöð á Akureyri undanfarin 30 ár



Mynd 14 Meðalhiti úr veðurstöð á Akureyri undanfarin 10 ár

4.8 Gróðurfar og dýralíf

Á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands má sjá ríkjandi gróðurfar í Svalbarðsstrandarhreppi. Á láglendi er mest um tún og akurlendi, língresis- og vingulsvist, blómgresisvist auk þess sem nokkuð er um skógrækt. Eftir því sem ofar í hlíðina dregur er meira um votlendi og þar er að finna í gras- og mólendi fjölbreyttari flóru m.a. snarrótarvist og starungsmýravist. Margar af þessum tegundum eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar en eru töluvert útbreiddar á Íslandi.

Dýralíf í Svalbarðsstrandarhreppi einkennist eins og víða annarsstaðar Norðausturlandi fyrst og fremst af fjölskrúðugu fuglalífi. Sjófuglar eru ráðandi við ströndina en lítið er um fuglabjörg. Í hlíðinni er að finna m.a. að finna spóa, lóu, hrafn og rjúpu þar sem mólendi er helsta búsvæði rjúpunnar og henni fylgir fálki. Undandarin ár hafa hvalir á borð við hrefnu, hnúfubak, andanefjur og hnísur verið reglulegir gestir í Eyjafirði úti fyrir Svalbarðseyri.

4.9 **Ár vötn og strendur**

Engin stór vatnsföll eru í sveitarfélaginu. Veigastaðavatn er uppi á Vaðlaheiði og tjarnir eru innan við sjávarkambinn á Svalbarðseyri. Innsti hluti hreppsins er við Pollinn þar sem Eyjafjarðará mætir Atlantshafinu. Meginsjávarstraumar eru inn fjörðinn að vestanverðu og út með austurströndinni. Um Svalbarðseyri rennur Valsá, tiltölulega vatnslítill á en í henni er 3ja fossa röð, Neðstifoss, Miðfoss og Efstifoss.



Mynd 15 Svalbarðstjörn

4.10 **Landslag og víðerni**

Íslensk stjórnvöld hafa undirritað Landslagssamning Evrópu sem felur m.a. í sér eftirfarandi ákvæði: Að veita landslagi ákveðinn sess í lögum og viðurkenna mikilvægi þess í umhverfi landsins.

- Að móta og framfylgja stefnu um landslag sem miðar að verndun, nýtingu og skipulagi þess.
- Að tryggja aðkomu almennings o.fl. að mótun stefnu um landslag.


- Að huga að landslagi við aðra stefnumótun, svo sem í stefnu um byggðapróun, menningarmál, landbúnað, félagsmál og efnahagsmál.

Markmið með samningnum er m.a. að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags. Í skýrslunni *Landslag á Íslandi – flokkun og kortlagning landslagsgerða á Íslandi* eru skilgreindir sjö yfirflokkar landslags og 27 landslagsgerðir.

Landslag í Svalbarðsstrandarhreppi er flokkað á tvo vegu:

- Firðir og fjarðarheiðar: Opnir jökulsorfnir firðir, afmarkað með grænni línu
- Fjalllendi: Fjalllendi með inndölum, afmarkað með brúnni línu

Á mynd hér að neðan má sjá hvernig þessir tveir landslagsflokkar skiptast innan sveitarfélagamarka.



Mynd 16 Landslags greining fyrir Svalbarðsstrandarhrepp – mynd af vefsja.is


Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er eitt verndarmarkmiðað að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Landsskipulagsstefna 2024 – 2038 kveður á um takmarkaða mannvirkjagerð á svæðum sem flokkast sem víðerni, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni.

Skv. lögum um náttúruvernd eru óbyggð víðerni að jafnaði a.m.k. 25 km² þar sem hægt er að njóta einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum.

Verkefnisstjórn rammaáætlunar hefur sett fram grunn að afmörkun víðerna, enn fremur hafa víðerni verið kortlögð samkvæmt þeirri alþjóðlega viðurkenndu og stöðluðu aðferðafræði sem tilgreind er í náttúruverndarlögum og byggja á aðferðafræði *Wildland Research Institute*.

Á mynd hér að neðan má sjá litadreifingu innan sveitarfélagamarka þar sem er að finna svæði þar njóta má víðerna í norðanverðum hreppnum ofan 300 m hæðar. Litirnir tákna eftirfarandi:

	Kjarnasvæði, villtustu víðerni landsins með örðugt aðgengi, óspillta náttúru og laus við ummerki mannsins.
	Hjúpsvæði utan um kjarnasvæði, víðáttumikil víðernasvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert, langt er í næstu akvegi og engin umfangsmikil mannvirki sjást nema úr mikilli fjarlægð.
	Umskiptasvæði, í jaðri víðerna, sem og önnur svæði á láglendi utan byggðar. Á láglendi eru þetta tiltölulega ósnortin svæði en þó aðgengileg og ekki langt frá byggð eða öðrum ummerkjum mannsins.
	Land utan víðerna, byggð ríkjandi og mannvirki ráðandi í umhverfinu.



Mynd 17 Víðerni innan sveitarfélagamarka Svalbarðsstrandarhrepps – mynd af vefsja.is

Í Svalbarðsstrandarhreppi er helst að finna svæði þar njóta má víðerna í norðanverðum hreppnum ofan 300 m hæðar. Þar eru skilgreind óbyggð svæði og ekki gert ráð fyrir mannvirkjum í aðalskipulagi að undanskildum fjarskiptamannvirkjum eða vatnsveituvirkjum.

5 Landnotkun

Hér á eftir er umfjöllun um landnotkunarflokka sem skilgreindir eru í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps. Sett eru fram meginmarkmið fyrir hvern landnotkunarflokk og upplýsingar um landnotkunarreiti með ákvæðum birt í töflu og á merktir á skipulagsupprætti.

5.1 Stefnumörkun - byggð

Undir kaflann falla eftirfarandi landnotkunarflokkar: *Íbúðarsvæði* og *frístundabyggð*.

5.2 Íbúðarbyggð (ÍB)

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði, fjögur eða fleiri, og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í skilmálum viðkomandi svæðis.

Almenn ákvæði vegna íbúðarsvæða :

- Svalbarðsstrandarhreppur skal styrktur þannig að sveitarfélagið sameini kosti dreifbýlis og þéttbýlis.
- Íbúar sveitarfélagsins skulu njóta bestu lífsgæða í fögru og öruggu umhverfi þar sem íbúðir og íbúðarhverfi uppfylli þarfir íbúa á mismunandi aldri.
- Efla skal þéttbýliskjarnann á Svalbarðseyri, m.a. með nægu framboði íbúðarlóða, en að uppbygging íbúðarsvæða utan hans verði í tengslum við fyrirbyggjandi innviði.
- Tryggt verði fjölbreytt framboð íbúðarlóða og húsagerða og að þéttbýlismyndun verði sem samfelldust, m.a. til að tryggja góða nýtingu lagna-, og gatnakerfis, auðvelda þjónustu við byggðina og til að skapa samfelldara yfirbragð þéttbýlis.
- Utan þéttbýlis er ekki gert ráð fyrir fjöleignahúsum, þ.e. fjölbýlis-, rað- eða parhúsum. Miðað er við að á hverri íbúðarlóð verði ein íbúð og lágmarksstærðir lóða 2.000 m².
- Þéttleiki íbúðarbyggðar utan þéttbýlis verði að hámarki 3 hús á hektara.
- Íbúðarbyggð er takmörkuð neðan 140 m.
- Fjarlægð á milli byggingarreita í dreifbýli skal vera að lágmarki 20 m þar sem lóðir liggja saman. Á mörkum landnotkunarreita skal bil milli lóðarmarka vera a.m.k. 30 metrar.
- Fjarlægð á milli byggingarreita þar sem frístundabyggð og íbúðarbyggð liggja saman skal vera að lágmarki 100 metrar.
- Íbúðarhús í dreifbýli skulu að hámarki vera 2 hæðir auk kjallara þar sem landhalli er mikill.
- Á landnotkunarreitum íbúðarbyggðar í dreifbýli þar sem heimildir eru fyrir fleiri en 15 íbúðum skulu þyrpingar íbúðarlóða aldrei vera meiri en 15 lóðir og skilja skal að þyrpingar með náttúrulegu umhverfi.
- Tryggt verði að allir íbúar eigi greiðan aðgang að náttúrulegu útivistarsvæði. ¼ hluti lands íbúðarbyggðar í dreifbýli skal að jafnaði nýttur fyrir opin svæði til almennrar útivistar.
- Tekið verði tillit til náttúrulegra aðstæðna og umhverfis við skipulag íbúðarsvæða og við hönnun húsa verði slíkra sjónarmiða einnig gætt.


- Heimilt er að byggja stök íbúðarhús á landbúnaðarjörðum í samræmi við ákvæði í kafla um landbúnaðarland þar sem viðmiðið er 3 hús á lögbýli.
- Varðveita skal gott ræktarland og forðast að reisa íbúðarhús á landi sem er skilgreint sem ræktarland í flokki 1 eða 2.
- Veitur; neyslu- og heitavatn og þá sérstaklega frárennsli og hreinsun þess þarf að vera í samræmi við uppbyggingu íbúðarsvæðanna.
- Lögð er áhersla á umhverfisvænar lausnir í skipulagi, frágangi, fráveitu, gerð bygginga og þjónustu við byggðina.
- Gönguleiðir verði þéttar og greiðar svo að jafnaði sé auðvelt að komast gangandi eða hjólandi um sveitarfélagið með öruggum hætti og út í náttúruna.

5.2.1 Íbúðarbyggð í þéttbýlinu Svalbarðseyri

Á Svalbarðseyri eru þrjú megin íbúðarsvæði; elsta byggðin á Eyrinni, núverandi byggð við Smáratún og Laugatún og nýtt íbúðarsvæði við Bakkatún sem liggur í norður að mörkum eignarlands hreppsins. Að auki eru stök hús á öðrum landnotkunarreitum innan þéttbýlisins.

Á töflu hér að neðan eru upplýsingar um íbúabyggðir á Svalbarðseyri.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
ÍB1 4,9 ha	Smáratún og Laugatún Þétt íbúabyggð, nánast fullbyggt	Einbýli, par- og raðhús
ÍB2 1,5 ha	Eyrin Gamli hluti íbúabyggðar á Svalbarðseyri. Deiliskipulagt	Allt að 7 hús
ÍB3 14,4 ha	Valsárhverfi Íbúðarbyggð í norðurhluta Svalbarðseyrar. Deiliskipulagt	Allt að 100 hús, einbýli, par- og raðhús. Byggt upp í áföngum, allt að tveggja hæða byggingar



Mynd 18 Svæði fyrir íbúðarbyggð í þéttbýli Svalbarðseyrar

Íbúðarbyggð í dreifbýli


Í suðurhluta Svalbarðsstrandarhrepps hefur á undanförunum árum verið eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði og íbúðarbyggð byggst upp í bland við eldri frístundabyggð. Þar liggja lóðir mót sólu í vesturhlíð Vaðlaheiðar og bjóða upp á annarskonar búsetu umhverfi en þéttbýlið á Svalbarðseyri. Þaðan er gott aðgengi í náttúrulegt umhverfi og útsýni yfir Eyjafjörð. Á móti kemur að alla þjónustu þarf að sækja utan hverfisins.

Á töflu hér að neðan eru upplýsingar um íbúabyggðir í dreifbýli Svalbarðsstrandarhrepps, sett eru ákvæði um hámarksfjölda húsa út frá stærð svæðis, 3 íbúðir á hektara. Ákvæði um hámarksfjölda ber að túlka með fyrirvara þar sem staðbundnar aðstæður og ákvæði um opin svæði takmarka uppbyggingu á reitum íbúðarbyggðar í dreifbýli.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
ÍB10 1,0 ha	Sigluvík	Heimild fyrir 1 íbúðarhúsi og gestahúsi
ÍB11 4,0 ha	Heiðarból Fullbyggt skv. deiliskipulagi	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB12 2,5 ha	Heiðarholt 3 lóðir í deiliskipulagi, 2 óbyggðar	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB13 2,7 ha	Litli hvammur 2 hús hafa verið byggð	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB14 8,0 ha	Sólheimar Deiliskipulagt að hluta fyrir 10 lóðir, 9 hús hafa verið byggð	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB15 2,2 ha	Sólberg	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB16 8,0 ha	Sólberg ofan Þjóðveg Innan svæðisins er starfrækt athafnastarfsemi sem gert er ráð fyrir að víkji á tímabilinu	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB17 10,5 ha	Sólberg ofan Þjóðveg Deiliskipulag í gildi, gert er ráð fyrir 4 lóðum. Óbyggt	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB18 10,8 ha	Geldingsá Deiliskipulagt að hluta, gert ráð fyrir 8 lóðum. 5 hús hafa þegar verið byggð	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB19 3,9 ha	Meyjarhóll Óbyggt	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB20 2,9 ha	Strönd Eitt frístundahús stendur á svæðinu	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB21 2,1 ha	Knútslundur	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB22 12,3 ha	Hulduheimar	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha

	Deiliskipulagt að hluta þar sem gert er ráð fyrir 10 lóðum. 3 hús hafa þegar verið byggð	
ÍB23 1,0 ha	Hátún	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB24 1,0 ha	Hallandnes	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. ámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB25 1,7 ha	Hallland Í gildi er deiliskipulag vinnubúða	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB26 7,0 ha	Vaðlabrekka Deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið þar sem gert er ráð fyrir 15 lóðum, þar af eru 9 lóðir byggðar	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB27 2,9 ha	Brekkubbyggð Deiliskipulag er í gildi fyrir hluta svæðisins þar sem gert er ráð fyrir tjaldstæði. Innan svæðisins standa 2 hús	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB28 2,8 ha	Vaðlakilif Deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Svæðið er óbyggt en stofnaðar hafa verið 7 lóðir	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB29 14,4 ha	Vaðlabbyggð Deiliskipulagt að hluta þar sem gert er ráð fyrir 22 húsum, 15 hús hafa verið byggð	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB30 2,6 ha	Veigahvammur Deiliskipulagt að hluta þar sem gert er ráð fyrir 8 lóðum undir íbúðar- og frístundahús. 6 hús hafa þegar verið byggð	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha
ÍB31 12,7 ha	Kotabyggð Deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið sem áður var skilgreint sem	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha

	frístundabyggð. Stofnaðar hafa verið 41 lóðir og 29 verið byggðar	
ÍB32 3,3 ha	Vaðlaborgir Deiliskipulagt að hluta þar sem gert er ráð fyrir 8 lóðum undir íbúðar- og frístundahús. 6 hús hafa þegar verið byggð	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði. Hámarksfjöldi húsa 3 íb/ha



Mynd 19 Svæði fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli

5.2.2 Stefna um rekstrarleyfisskylda starfsemi á íbúðarsvæðum

Á öllum íbúðarsvæðum gilda þau ákvæði að þar skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að sé innan hverfisins til þjónustu við íbúa, að því gefnu að hún valdi hvorki mengun né umferðarópægindum. Má þar nefna verslanir, þjónustustarfsemi, leiksvæði og hreinlegan iðnað. Gæta skal sérstaklega að búsetuhagsmunum íbúa í næsta nágrenni við slíka starfsemi. Bensínafgreiðslur eru ekki heimilar í íbúðarhverfum.

Á íbúðarsvæðum innan þéttbýlismarka er ekki gert ráð fyrir gistirekstri í flokki II, III og IV skv. reglugerð 1277/2016.

Á íbúðarsvæðum utan þéttbýlismarka er heimilt að reka gistingu í flokki II skv. reglugerð 1277/2016 ef gert er ráð fyrir slíkum rekstri í deiliskipulagi.

5.3 Frístundabyggð (F)


Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærpjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi.

Almenn ákvæði:

- Uppbygging nýrra húsa á frístundasvæðum skal vera í samræmi við þá byggð sem fyrir er. Skilmálar um nánari útfærslu er vísað til deiliskipulags en ekki er heimilt að byggja á svæðum fyrir frístundabyggð án þess að fyrir liggi staðfest deiliskipulag.
- Lóðir skulu vera að lágmarki 3.000 m² að stærð. Lögð er áhersla á náttúrulegt yfirbragð á lóðum og skal haldið í staðargróður og önnur náttúruleg einkenni.
- Frístundahús skal ekki vera minna en 35 m² að grunnfleti.
- Á þeim landnotkunarreitum þar sem heimildir eru fyrir fleiri en 15 húsum skulu þyrpingar frístundalóða aldrei vera meiri en 15 lóðir og skilja skal að þyrpingar með náttúrulegu umhverfi - grænum geislum.
- Gera skal ráð fyrir að um fjórðungur lands verði tekinn frá í deiliskipulagi sem opið svæði til almennrar útivistar.
- Heimilt er að byggja stök frístundahús á landbúnaðarjörðum í samræmi við ákvæði í kafla um landbúnaðarland þar sem viðmiðið er 2 hús á lögbýli.
- Lögð er áhersla á umhverfisvænar lausnir í skipulagi, frágangi, fráveitu, gerð bygginga og þjónustu við frístundabyggðina.
- Sumarhúsabyggð er takmörkuð neðan 140 m.
- Fjarlægð á milli byggingarreita skal vera að lágmarki 20 m þar sem lóðir liggja saman. Á mörkum landnotkunarreita skal bil milli lóðarmarka vera a.m.k. 30 metrar. Heimilt er að byggja nær mörkum lögbýla ef fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi lands.
- Varðveita skal gott ræktarland og forðast að reisa frístundahús á landi sem er skilgreint sem ræktarland í flokki 1 eða 2.
- Þéttleiki á landnotkunarreitum fyrir frístundabyggð skal vera að hámarki 2 hús/ha.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
F1 1,0 ha	Bjarnaborg Gamalt sumarhús í stórum trjágarði staðsett í þéttbýlinu Svalbarðseyri	Heimild fyrir einu frístundahúsi
F10 8,0 ha	Gautsstaðir Frístundabyggð á skógi vöxnu svæði í landi Gautsstaða tvær lóðir hafa verið stofnaðar undir tvö frístundahús	Hámarksfjöldi húsa 2 hús/ha
F11 3,8 ha	Sunnuhlíð Deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið þar sem gert er ráð fyrir 2 frístundahúsum. 2 hús hafa verið byggð	Allt að 4 frístundahús á einni hæð með risi

F12 1,5 ha	Tunga Þrjár óbyggðar frístundalóðir í landi Tungu á bökkum Valsár	Allt að 3 frístundahús
F13 1,8 ha	Mógil Deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið þar sem gert er ráð fyrir 4 húsum. 2 hús hafa verið byggð	Allt að 4 frístundahús
F14 11,2 ha	Litli-Hvammur	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags. Hámarksfjöldi húsa 2 hús/ha
F15 0,6 ha	Heiðarborg	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags. Hámarksfjöldi húsa 2 hús/ha
F16 29,7 ha	Heiðarbyggð og Geldingsá Deiliskipulag er í gildi fyrir hluta svæðisins. 26 hús hafa verið byggð	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags. Hámarksfjöldi húsa 2 hús/ha
F17 11,0 ha	Sólberg Deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið þar sem gert er ráð fyrir 14 húsum. Að mestu óbyggt	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags. Hámarksfjöldi húsa 2 hús/ha
F18 10,1 ha	Hallland Á svæðinu stendur 1 hús, að öðru leyti óbyggt	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags. Hámarksfjöldi húsa 2 hús/ha
F19 7,9 ha	Hallland	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags. Hámarksfjöldi húsa 2 hús/ha
F20 1,7 ha	Valhöll	Skátaskáli í eigu Klakks
F21 28,7 ha	Veigastaðir Deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið þar sem gert er ráð fyrir 10 húsum. 6 hús hafa verið byggð	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags. Hámarksfjöldi húsa 2 hús/ha
F22 15,5 ha	Vaðlaborgir Deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið þar sem gert er ráð fyrir 31 húsum á reitnum. 9 hús hafa verið byggð	Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags. Hámarksfjöldi húsa 2 hús/ha



Mynd 20 Svæði fyrir frístundabyggð

5.3.1 Stefna um rekstrarleyfisskylda starfsemi í frístundabyggð

Til að viðhalda yfirbragði frístundabyggðar er gististarfsemi takmörkuð við flokk II skv. reglugerð 1277/2016, gististaður án veitinga. Gera þarf grein fyrir gistirekstri í viðkomandi deiliskipulagi. Takmarka skal útgáfu rekstrarleyfa í frístundabyggð til þess að viðhalda yfirbragði viðkomandi frístundabyggðar og rekstrarleyfisskyldum rekstri beint í landnotkun verslunar- og þjónustusvæða.

6 Stefnumörkun – atvinnusvæði

Undir flokkinn atvinnusvæði falla eftirfarandi landnotkunarflokkar: *Miðsvæði, verslun og þjónusta, samfélagsþjónusta, athafnasvæði, iðnaðarsvæði, hafnarsvæði, landbúnaðarsvæði og efnislosunarsvæði.*

6.1 Miðsvæði (M)

Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.


Á Svalbarðseyri er gert ráð fyrir að byggist upp eitt miðsvæði sem afmarkast af Borgartúni til austurs, Svalbarðseyrarvegi til suðurs og byggðinni við Smáratún til austurs. Að norðan afmarkast miðsvæðið af vegi að Bjarnaborg. Reiturinn var skilgreindur sem athafnasvæði og óbyggt svæði í fyrra aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir því að fyrrum athafnahús verði að nýju stjórnsýsluhúsi sem skapar grunn að frekari uppbyggingu miðsvæðis fyrir Svalbarðseyri í nánnum tengslum við íbúabyggð svæðisins og ströndina með góðu aðgengi að útivistarsvæði fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Almenn ákvæði:

- Að miðsvæði sé vel útfært þar sem eftirsóknarvert verður að byggja upp þjónustu.
- Með því að skapa gott þjónustustig á miðsvæði er stuðlað að því að svæðið verði kjarni sveitarfélagsins sem allir íbúar eigi erindi við og greiðan aðgang að.
- Stutt verði við atvinnutækifæri á sviði verslunar og þjónustu á miðsvæði.
- Umhverfi miðsvæðis skal vera aðlaðandi og aðgengi að og frá því gott með áherslu á að skapa greiðar og öruggar leiðir fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.
- Stefnt er að uppbyggingu íbúðarbyggðar á miðsvæði og að svæðið verði lifandi vettvangur þar sem fólk geti átt erindi og mætt öðrum á förnum vegi.

Á töflu hér að neðan eru upplýsingar um miðsvæði.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
M1 2,8 ha	Miðsvæði Svalbarðseyrar Þróunarsvæði fyrir fjölbreytta miðbæjarstarfsemi. Gert er ráð fyrir því að stjórnsýsla sveitarfélagsins flytjist á svæðið	Svæði undir verslun- og þjónustu, torg og stjórnsýsluhúsnæði. Búseta heimiluð á svæðinu, allt að 8 íbúðir



Mynd 21 Svæði fyrir miðsvæði

6.2 Verslun og þjónusta (VP)

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.


Almenn ákvæði:

- Að viðhalda og byggja upp verslunar- og þjónustusvæði sem styrkir byggðina og skapar tækifæri til fjölbreyttrar atvinnustarfsemi og afleiddra starfa.
- Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu.
- Þjónusta við ferðamenn verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð.
- Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi.

Á töflu hér að neðan eru upplýsingar um verslunar- og þjónustusvæði.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
VP1 3,1 ha	Verslunar- og þjónustusvæði við þjóðveg	Fjölbreytt starfsemi heimiluð í allt að tveggja hæða byggingum þar sem landhalli leyfir
VP2 0,2 ha	North Inn Guesthouse and Cabin.	Gistirekstur og veitingar

	Smáratún 3 & 5. Innan þéttbýlis. Gistipláss fyrir 18 manns	
VÞ10 0,8 ha	Hótel Sveinbjarnargerði Sveinbjarnargerði 2b Gistipláss fyrir 130 manns	Hótel og ferðaþjónusta
VÞ11 4,9 ha	Hótel Natur Þórisstaðir Gistipláss fyrir 100 manns	Hótel og ferðaþjónusta
VÞ12 2,0 ha	Leifshús Gistipláss fyrir 30 manns	Gistirekstur og veitingar
VÞ13 1,4 ha	Sunnuhlíð – gestahús Deiliskipulag gerir ráð fyrir 15 einingum auk gistiheimilis	Gistirekstur og tengd þjónusta, allt að 15 einingar auk gistiheimilis
VÞ14 2,3 ha	Helgafell Gistipláss fyrir 10 manns. Deiliskipulag gerir ráð fyrir uppbyggingu á gistiaðstöðu	Gistirekstur og tengd þjónusta
VÞ15 0,5 ha	Geldingsá Gistipláss fyrir 10 manns	Gistirekstur og tengd þjónusta
VÞ16 0,3 ha	Halldandsnes Deiliskipulag gerir ráð fyrir frekari uppbyggingu á gistiaðstöðu	Gistirekstur og tengd þjónusta



Mynd 22 Svæði fyrir verslun- og þjónustu

6.3 Samfélagsþjónusta (S)

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Engar þjónustustofnanir eru utan þéttbýlis í hreppnum. Svæði fyrir þjónustustofnanir verða eingöngu á Svalbarðseyri. Þar er ráðhús, kirkja, grunnskóli, leikskóli og sundlaug.


Almenn ákvæði:

- Í þéttbýlinu á Svalbarðseyri verði opinber þjónusta efld fyrir íbúa sveitarfélagsins, m.a. á sviði skólamála, félags- og menningarmála og stjórnsýslu.
- Lögð er áhersla á íþrótta- og tómstundastarf með góðri aðstöðu.
- Stutt skal við menningu og söguminjar varðveittar.

Á töflu hér að neðan eru upplýsingar um svæði fyrir samfélagsþjónustu.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
S1 2,5 ha	Skólasvæði Svalbarðseyri Skólasvæði og skrifstofur sveitarfélagsins	Grunnskóli, leikskóli og sundlaug. Heimild til frekari uppbyggingar

S2 0,3 ha	Svalbarðskirkja Kirkja sveitarfélagsins, byggð 1952	Sóknarkirkja sveitarfélagsins
S3 0,4 ha	Safnasafnið Gamla búð, byggt 1901. Hýsir starfsemi Safnasafnsins, íbúð og gístiaðstöðu fyrir listamenn	Svæði undir safnastarfsemi, heimild til búsetu



Mynd 23 Svæði fyrir samfélagsþjónustu



Mynd 24 Svalbarðskirkja

6.4 Athafnasvæði (AT)

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.


Á athafnasvæðum er ætluð atvinnustarfsemi sem hefur lágmarks áhrif á umhverfið.

Almenn ákvæði:

- Athafnasvæðin eru í nánd við byggð og hafa afgerandi áhrif á ásýnd byggðar og ímynd í augum vegfarenda, lágmarka skal neikvæða ásýnd athafnasvæða.
- Athafnasvæði skulu útfærð svo þau spilli hvorki lífríki né grunnvatni.
- Mælt er til þess að rekstraraðilar marki sér vinnureglur um söfnun og afhendingu úrgangsefna sem falla til í rekstri svo nýta megi þau til endurvinnslu.
- Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun.
- Búsetu má heimila á athafnasvæðum eftir aðstæðum.

Á töflu hér að neðan eru upplýsingar um athafnasvæði.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
AT1 2,2 ha	Eyrin Athafnasvæði sem þjónar byggðinni á Svalbarðseyri	Léttur iðnaður, véla- og verkfærageymslur
AT10 0,5 ha	Höfn 4 Athafnasvæði fyrir vegavinnutæki	Léttur iðnaður, véla- og verkfærageymslur



Mynd 25 Svæði fyrir athafnastarfsemi

6.5 Iðnaðarsvæði (I)

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsaflsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Almenn ákvæði:

- Iðnaðarsvæðum skal ráðstafað markvisst m.t.t. eðlis þeirrar starfsemi sem þar á að fara fram. Brýnt er að í deiliskipulagi séu settar kvaðir sem tryggja ásættanlega ásynd svæðanna, ekki

síst þar sem iðnaðarsvæðin eru í nánd við byggð og þjóðvegi og hafa því afgerandi áhrif á útlit og ímynd í augum vegfarenda.

- Á iðnaðarsvæðum skal þess gætt að hvorki sé gengið á lífríki eða grunnvatni spillt.
- Mælt er til þess að rekstraraðilar marki sér vinnureglur um söfnun og afhendingu úrgangsefna sem falla til í rekstri svo nýta megi þau til endurvinnslu.
- Gerð er krafa um góða umgengni almennt á iðnaðarsvæðum.
- Rekstraraðili skal nýti trjágróður og manir á jöðrum iðnaðarsvæða til að draga úr sjónrænum áhrifum þar sem því verður við komið.
- Búseta er ekki heimil á iðnaðarsvæðum.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
I1 1,0 ha	Kjarnafæði Norðlenska	Kjöttvinnsla og tilheyrandi aðstaða. Áhersla á snyrtilegt yfirbragð og góða ásýnd
I2 0,1 ha	Dælustöð Dælustöð hitaveitu	Heimild til endurnýjunar og viðhalds. Gert er ráð fyrir uppbyggingu hreinsimannvirkis
I3 0,1 ha	Fráveitumannvirki Útrás fráveitu	Heimild til endurnýjunar og viðhalds. Gert er ráð fyrir uppbyggingu hreinsimannvirkis
I4 0,1 ha	Fráveitumannvirki Útrás fráveitu	Uppbygging fráveitumannvirkis í samræmi við regluverk
I10 0,1 ha	Vatnstankur Miðlunartankar vatnsveitu í landi Brautarholts	Heimild til endurnýjunar og viðhalds
I12 5,0 ha	Endurvarpsstöð Mannvirki og fjarskiptamastur á Vaðlaheiði sem þjónustar m.a. Akureyrarflugvöll og RÚV	Heimild til endurnýjunar og viðhalds
I13 4,0 ha	Fjarskiptastöð Fjarskiptamannvirki flugmálastjórnar á Vaðlaheiði, þjónustar Akureyrarflugvöll	Heimild til endurnýjunar og viðhalds



Mynd 26 Svæði fyrir iðnaðarstarfsemi

6.6 Hafnir (H)

Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

Hafnarsvæðið á Svalbarðseyri (H1) er afmarkað utan við hafnarmannvirki. Flatarmál þess á landi er um 0,7 ha en um 2,3 ha miðað við ytri mörk úti í sjó.


Höfnin nýtist fyrst og fremst smábátaútgerð og skemmtibátum.

Almenn ákvæði:

- Að viðhalda þeirri höfn í þéttbýlinu á Svalbarðseyri sem fyrir er.
- Að efla þjónustu við trillur og skemmtibáta við núverandi höfn.
- Heimilt er að reisa verbúðir á hafnarsvæði og þar er búseta heimil.

Í töflu hér að neðan eru upplýsingar um hafnir. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
H1 2,3 ha	Svalbarðseyrarhöfn Hafnargarður og viðlegupláss fyrir báta við flotbryggjur.	Svæðið nær yfir smábátahöfn, bátabryggju og hafsvæði innan við 100 m frá bryggjunni. Á hafnarsvæðinu er heimilt að koma upp snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn og verbúðum þar sem mögulegt er að vera með búsetu, allt að 8 íbúðir. Gæta skal að sjávarstöðubreytingum við skipulag og hönnun mannvirkja



Mynd 27 Svæði fyrir hafnarstarfsemi

6.7 Landbúnaðarsvæði (L)

Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Landbúnaðarsvæði ná yfir land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Miðað er við að landbúnaðarland sé neðan 300 metra hæðarlínu, ofar tekur við landnotkunin óbyggt land.

Almenn ákvæði:


- Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á landbúnaðarsvæðum.

- Gott ræktarland skal varðveitt og eru framkvæmdir sem geta með umfangi sínu takmarkað ræktunarmöguleika á landi í flokki 1 ekki heimilar.
- Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á viðkomandi lögbýli.

Í töflu hér að neðan eru upplýsingar og ákvæði landbúnaðarsvæða í Svalbarðsstrandarhreppi.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
L1 289,4 ha	Landbúnaðarland í flokki 1 og 2, mjög gott og gott ræktunarland	Á landbúnaðarlandi L1 er land skilgreint sem gott eða mjög gott ræktunarland. Heimilt er að viðhalda húsakosti sem staðsett eru innan þessa svæðis. Auk landbúnaðar er heimil önnur atvinnustarfsemi, þar á meðal gistirekstur og önnur ferðaþjónustu og veitingarekstur. Húsrými undir aðra starfsemi en landbúnað má vera allt að 1.000 m ² að stærð. Allar framkvæmdir sem geta rýrt framtíðar möguleika til ræktunar eru óheimilar, svo sem framkvæmdir sem fela í sér jarðvegsskipti, möguleika á mengun eða raski sem rýri gæði jarðvegs. Tímabundnar og afturkræfar framkvæmdir eru heimilar, svo sem staðsetning tímabundinna mannvirkja. Athugun á gæðum ræktarlands skal fara fram staðbundið út frá leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar hverju sinni. Skjólbeltaræktun er heimil
L2 1545 ha	Landbúnaðarland í flokki 3 og 4, sæmilegt og lélegt ræktunarland	Á landbúnaðarlandi L2 er land skilgreint sem sæmilegt eða lélegt ræktunarland. Heimilt er að byggja allt að 3 íbúðarhús og 2 frístundahús á landbúnaðarlandi lögbýla sem nýta innviði sameiginlega eins og kostur er. Ekki er heimilt að fjölga tengingum við þjóðveg. Auk landbúnaðar er heimil önnur atvinnustarfsemi, þar á meðal gistirekstur og önnur ferðaþjónustu og veitingarekstur. Húsrými undir aðra starfsemi en landbúnað má vera allt að 1.000 m ² að stærð. Skógrækt á landbúnaðarlandi má ná 3 ha að stærð. Orkuöflun með smávirkjunum er heimil að 200 kW. Athugun á gæðum ræktarlands skal fara fram staðbundið út frá leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar hverju sinni

Tafla 2 Landbúnaðarland í Svalbarðsstrandarhreppi



Mynd 28 Svæði landbúnaðarlands




Mynd 29 Ræktarland í flokki 1 í norðurhluta hreppsins

6.7.1 Flokkun landbúnaðarlands

Í leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar, sem gefin var út af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti í mars 2021 eru skilgreindir fjórir flokkar landbúnaðarlands. Með útgáfu leiðbeininganna er leitast við að uppfylla markmið jarðalaga nr. 81/2004 en í landsskipulagsstefnu er einnig sett fram stefna um að flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Meðfylgjandi er tillaga að flokkun ræktarlands sem takmarkast við landnotkunarflokkinn landbúnaðarlands, utan byggðra svæða eftir halla og hæð m.v. 10 x 10 m reitaskiptingu. Nánari athugun þarf að fara fram staðbundið eigi að ráðstafa landbúnaðarlandi vegna framkvæmda til þess að meta gæði ræktarlands út frá jarðvegsþykkt og steinefnahluta jarðvegs.

1. Mjög gott ræktunarland	2. Gott ræktunarland	3. Sæmilegt ræktunarland	4. Lélegt ræktunarland
Góður móajarðvegur og steinefnaríkar mýrar. Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur (sendin mylsna) og ekki með grófri möl. Jarðvegsþykkt (dýpt niður á klöpp) a.m.k. 75 cm. Land vel þurrt eða auðvelt að þurrka það. Ekki miklar mishæðir í landinu. Halli innan við 4% (2,29°). Hæð yfir sjó að jafnaði undir 100 m.	Mýrar með miklu af lífrænum efnum, lakari móar og góðir sandar og melar. Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur og ekki með mjög grófri möl. Jarðvegsþykkt a.m.k. 50 cm. Land vel þurrt eða auðvelt að þurrka það. Ekki mjög miklar mishæðir í landinu Halli innan við 8% (4,57°). Hæð yfir sjó að jafnaði undir 200 m.	Lakari mýrar, móar, melar og sandar. Steinefnahluti jarðvegsins ekki grófari en svo að hægt sé að vinna hann án vandræða. Jarðvegsþykkt a.m.k. 25 cm. Þurrkunarskilyrði sæmileg. Mishæðir ekki meiri en svo að þær hamli notkun landbúnaðartækja. Halli innan við 12% (6,84°). Hæð yfir sjó að jafnaði undir 300 m.	Í þennan flokk fellur land neðan 300 m sem ekki uppfyllir skilyrði hinna flokkanna þriggja. Þetta land hentar ekki til akuryrkju en getur hentað vel til beitar, skógræktar eða fyrir tún.

Tafla 3 Úr leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um flokkun landbúnaðarlands



Mynd 30 Flokkun ræktarlands m.t.t. hæðar og landhalla

6.8 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 er öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netalaga háð framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal liggja fyrir áætlun um efnistöku þar sem m.a. er gerð grein fyrir magni og gerð efnis, flatarmál svæðis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæðis að lokinni vinnslu. Rekstraraðili efnisnáms skal hafa starfsleyfi, útgefið af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Stefnt skal að því að ný efnistökusvæði séu skilgreind í námunda við notkunarstað til að draga úr flutningsvegalengdum.

Þess skal gætt að efnistaka valdi ekki neikvæðum sjónrænum áhrifum, foki lausra jarðefna og valdi ekki óæskilegum breytingum á landslagi.

Almenn ákvæði:

- Öll meiriháttar efnistaka er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar.
- Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, forðast skal röskun á ræktarlandi í flokki I og II.
- Samkvæmt 7. grein reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 skal framkvæmdaleyfi gefið út á grundvelli deiliskipulags. Heimilt er þó að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags að undangenginni grenndarkynningu.
- Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal hnitsetja svæði sem framkvæmdaleyfi nær yfir og skal framkvæmdaaðili greiða kostnað við eftirlit með framkvæmdum. Með umsókn um framkvæmdaleyfi skal fylgja með vinnslu- og frágangsáætlun.
- Við hvers konar röskun á gróðri verði þess vandlega gætt að ekki skapist hætta á rofi og framkvæmdaaðili skyldaður til að græða upp a.m.k. jafnstór svæði og þau sem röskuð verða. Enn fremur þarf að huga að landmótun og græða upp efnistökusvæðið eftir að efnistöku er lokið.

Í töflu hér að neðan eru upplýsingar um efnistökusvæði í Svalbarðsstrandarhreppi.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
E1 4,0 ha	Efnistökusvæði Siglúvík Klökk og grjótmulningur	Heimilt er að taka allt að 200.000 m ³ efnis á um 4,0 ha svæði. Kveðið er á um snyrtilega umgengni og frágang á þeim hluta svæðis sem efnistöku er lokið. Svæðið skal endurheimt að efnistöku lokinni með staðargróðri. Gæta skal að foki jarðefna og ónæði á vinnslutíma

7 Stefnumörkun - græn svæði

Undir flokkinn græn svæði falla eftirfarandi landnotkunarflokkar: Afþreyingar- og ferðamannasvæði, íþróttasvæði, kirkjugarðar og grafreitir, skógræktar- og landgræðslusvæði, opin svæði, óbyggð svæði.

7.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)


Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Almenn ákvæði:

- Unnið verði að stefnumörkun varðandi ferðaþjónustu og að Svalbarðsstrandarhreppur bjóði upp á áningarstaði sem verði eftirsóknarvert að heimsækja.
- Áningarstaðir skulu hafa tök á að taka á móti þeim fjölda ferðamanna sem þangað sækja.
- Gera skal ráð fyrir uppbyggingu þar sem tekið er tillit til landslags.
- Lýsing skal vera glýjufrí.

Í töflu hér að neðan eru upplýsingar um afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
AF10 0,3 ha	Áningarstaður á Grenivíkurvegi Svæðið hefur verið nýtt undir jarðveg úr Vaðlaheiðargöngum	Heimilt að koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn, nestis aðstöðu og salerni
AF11 0,3 ha	Áningarstaður á Vaðlaheiðarvegi Gamli Vaðlaheiðarvegur þjónar ekki lengur hlutverki sínu sem þjóðleið en er mikið nýttur til útivistar	Heimilt að koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn, skýli og salerni



Mynd 31 Svæði fyrir afþreyingar- og ferðamannaþjónustu

7.2 Íþróttasvæði (ÍÞ)

Íþróttasvæði er svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar. Þar má reisa byggingar tengdar starfseminni, svo sem félagsaðstöðu o.fl., en íbúðir eru ekki heimilar.

Íþróttasvæði er að finna við Valsárskóla, þar er að finna sundlaug, hlaupabraut og grasvöll. Ungmennafélagið Æskan heldur uppi íþróttastarfi í Svalbarðsstrandarhreppi.

Almenn ákvæði:

- Svalbarðsstrandarhreppur vill tryggja íbúum sveitarfélagsins möguleika til íþróttaiðkunar og stuðla að virkni íbúa á öllum aldri.
- Stefnt er að almennu viðhaldi og uppbyggingu á íþróttasvæði sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu.

Á töflu hér að neðan eru upplýsingar um svæði fyrir íþróttasvæði.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
ÍÞ1 1,1 ha	Íþróttasvæði Æskunnar Hlaupabraut og grasvöllur.	Aðstaða til iðkunar íþróttar. Heimilt að reisa aðstöðuhús til geymslu áhaldar og tilheyrandi búnaðs



Mynd 32 Svæði fyrir íþróttaiðkun

7.3 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti ásamt þjónustubyggingum.

Tveir kirkjugarðar falla innan þessa landnotkunarflokks og eru staðsettir við bæinn Svalbarð á Svalbarðseyri. Eldri kirkjugarður er einnig við Svalbarð sem hefur verið aflagður.

Almenn ákvæði:

- Gert er ráð fyrir stækkun kirkjugarðsins við Svalbarð eftir þörfum og að kirkjugarðurinn fái nauðsynlegt viðhald.

Á töflu eru upplýsingar um svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
K1 0,1 ha	Grafreitur gamla kirkjugarðs Gamli kirkjugarður Svalbarðsstrandarhrepps	Aflagður grafreitur
K2 0,3 ha	Kirkjugarður Svalbarðskirkju	Gert er ráð fyrir stækkun á núverandi kirkjugarði til norðurs



7.4 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu. Þar má reisa byggingar tengdar starfseminni, en íbúðir eru ekki heimilar.

Í Svalbarðsstrandarhreppi eru skilgreind skógræktarsvæði með samning við Land og skóg að Þórisstöðum, Meðalheimi og Geldingsá. Skógræktar og landgræðslusvæði er einnig skilgreint að Vaðlareit í landi Veigastaða þar sem skógrækt hófst árið 1936.

Almenn ákvæði:


- Innan helgunarsvæða raflína er óheimilt að planta trjám nema í samráði við Landsnet.
- Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum en 100 m og ekki nær öðrum merkum minjum en 20 m. Skrá þarf fornleifar á skógræktarsvæðum áður en framkvæmdir hefjast.
- Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spilt s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt takmörkuð eða óheimil.
- Hugað skal að því að skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Öll skógrækt á verndarsvæðum og önnur skógrækt, 10 ha eða stærri, er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, samkvæmt reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

- Ný skógræktaráform sem ná yfir 3 ha eða stærra svæðis eru háð því að svæðið sé afmarkað með reit í flokki skógræktar- og landgræðslusvæðis á aðalskipulagsupprætti.
- Í umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar komi fram hvernig tekið er tillit til staðhátta, s.s. náttúruminja, menningarminja, landslagssérkenna, kennileita, fjarlægðar frá vatnsbökkum, veitum og samgönguæðum. Skógræktaráætlun skal fylgja umsókn um framkvæmdarleyfi.
- Skógrækt er háð málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna ýmissa verndarsjónarmiða. M.a. þarf að taka tillit til eftirfarandi ákvæða, laga og reglna:
 - Svæði þar sem eru friðlýstar náttúruminjar og svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
 - Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum.
 - Svæði innan 100 m fjarlægðar frá friðýstum fornleifum og innan 15 m fjarlægðar frá aldursfriðuðum fornleifum sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.
 - Svæði sem njóta verndar í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 og reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.
 - Svæði sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum sem Ísland er bundið af, svo sem Ramsarsamningnum um votlendi og Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu. Válistar falla hér undir, enda m.a. gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt Bernarsamningnum.

Samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana er nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem síðan tekur ákvörðun um hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Sama gildir um framkvæmdir á svæðum sem falla undir 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, svo sem svæði á náttúruminjasrá, svæði sem falla undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd eða svæði innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar. Varanleg skógareyðing sem tekur til 0,5 ha svæðis eða stærra er einnig háð tilkynningu til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matskyldu.

Á töflu hér að neðan eru upplýsingar um skógræktar- og landgræðslusvæði:

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
SL1 29,7 ha	Skógrækt í landi Þórisstaða Samningur við Land og skóg	Nytjaskógrækt og aðstaða til úrvinnslu skógarafurða
SL2 40,9 ha	Skógrækt í landi Meðalheims Samningur við Land og skóg	Nytjaskógrækt og aðstaða til úrvinnslu skógarafurða
SL3 23,4 ha	Skógrækt í landi Geldingsár Samningur við Land og skóg	Nytjaskógrækt og aðstaða til úrvinnslu skógarafurða
SL4 28,8 ha	Vaðlareitur	Gamalt skógræktarsvæði, nýtt til útivistar



Mynd 33 Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu

7.5 Opin svæði (OP)


Svæði fyrir útivist með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Almenn ákvæði:

- Bæjarbúum skal tryggð fjölbreytt aðstöðu til útiveru og náttúruskoðunar.
- Við skipulag opinna svæða verði hugað að því að draga fram náttúrufarslega og sögulega sérstöðu svæðanna og sveitarfélagsins.

Á töflu hér að neðan eru upplýsingar um opin svæði.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
OP1 1,3 ha	Útivistarsvæði á Svalbarðseyri Skógivaxið svæði, nýtt sem útivistarsvæði	Almennt útivistarsvæði. Heimilt að koma fyrir nestis- og salernisaðstöðu
OP2 2,4 ha	Útivistarsvæði við Valsá Þróunarsvæði til útivistar með heimild til uppbyggingar nauðsynlegrar aðstöðu	Almennt útivistarsvæði. Heimilt að koma fyrir nestis- og salernisaðstöðu



Mynd 34 Opin svæði

7.6 Óbyggð svæði (ÓB)

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Undir þennan flokk fellur land sem er yfir 300 m hæð og svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu mannvirkja. Svæðin geta haft útivistargildi og takmörkuð mannvirkjagerð heimiluð. Ekki er gert ráð fyrir búsetu eða atvinnustarfsemi innan óbyggðra svæða.


Ekki er gert ráð fyrir neinum mannvirkjum öðrum en stígum og annarri lágmarksaðstöðu vegna útivistargildis á óbyggðum svæðum. Hefðbundnar nytjar eru heimilar eftir sem áður.

Almenn ákvæði:

- Landsvæði í sveitarfélaginu sem teljast til óbyggðra svæða geta verið verndarsvæði vegna náttúruverndar, vatnsverndar eða hverfisverndar. Um óbyggðu svæðin liggja víða stígar og margir þeirra fylgja gömlum þjóðleiðum.
- Heiðin ofan skilgreindra landbúnaðarsvæða er skilgreind sem opið óbyggt svæði. Hún verður eftir sem áður nýtt á hefðbundinn hátt sem óræktað landbúnaðarland til beitar með þeim takmörkunum sem við eiga svo sem um vatnsvernd og gróðurvernd. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum mannvirkjum öðrum en núverandi vegum, merktum gönguleiðum og tækjabúnaði vegna fjarskipta sem þar er nú og þörf kann að vera á í framtíðinni.

- Afmarkað er u.þ.b. 50 m breitt svæði meðfram ströndinni allri sem óbyggt svæði sbr. grein 5.3.2.14. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 um skipulag við vötn, ár og sjó.

Auðkenni	Lýsing	Ákvæði
ÓB1 17 ha	Óbyggt land í dreifbýli	Heimilt er minni háttar jarðrask, svo sem lagnir veitumannvirkja og mannvirki tengd fjarskiptum
ÓB2 3009 ha	Óbyggt fjallendi Svalbarðsstrandarhrepps Allt land sveitarfélagsins yfir 300 m hæðar	Heimilt er minni háttar jarðrask, svo sem lagnir veitumannvirkja og mannvirki tengd fjarskiptum
ÓB3 67 ha	Óbyggt svæði við strandlengju Svalbarðsstrandarhrepps	Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum á svæðinu
ÓB4 62 ha	Óbyggt svæði við Stofnbraut	Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum á svæðinu



Mynd 35 Óbyggð svæði

8 Stefnumörkun - samgöngur

Undir flokkinn samgöngur falla vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki, þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.

Almenn ákvæði:

- Samgöngur innan sveitarfélagsins skulu greiðar og öryggi allra vegfarenda tryggt eins vel og kostur er.
- Við skipulag umferðarkerfis sveitarfélagsins skal stefnt að lágmörkun mengunar, s.s. hávaðamengunar og loftmengunar, af völdum umferðar.
- Leitað verði bestu lausna við vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar.
- Byggt verði upp göngu-, hjóla- og reiðstígakerfi sem miði að því að tengja þéttbýlið á Svalbarðseyri við íbúðarbyggðir sveitarfélagsins, tengingu Svalbarðseyrar við útivistarsvæði og nágrannasveitarfélög.
- Með uppbyggingu göngu- og hjólaleiða er öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda aukið.
- Efla skal vistvænar samgöngur og almenningssamgöngur eftir fremsta megni, m.a. með því að gera ráð fyrir almennum rafhleðslustöðvum innan sveitarfélagsins.
- Vegir og slóðar skulu gerðir öryggir og aðgengilegir íbúum og gestum með góðum frágangi, leiðirnar skulu stikaðar og fjölförnustu gönguleiðir í sveitarfélaginu kortlagðar.
- Á skipulagsupphráttum eru skilgreindir megin stígar.

Verkefnið Norðurstrandarleið (The Arctic Coast way), sem hleypt var af stokki árið 2019, er hluti af markaðsetningu Norðurlands sem áfangastaðar. Leiðin liggur um Svalbarðsstrandarhrepp og er einn áningarstaða vitinn á Svalbarðseyri. Með tilkomu leiðarinnar má reikna með auknum ferðamannastraumi um sveitarfélagið, bæði eftir leiðinni sjálfri og áhugaverðum viðkomustöðum á þeirri leið.

8.1 Almenningsamgöngur

Engar almenningssamgöngur eru virkar innan sveitarfélagsins og ólíklegt að forsendur skapist fyrir hefðbundum rekstri almenningsvagna á skipulagstímabilinu. Með örri tækniþróun og tilkomu deilifarartækja er ekki útséð með að einhverskonar form á almenningssamgöngum verði komið á fót í náninni framtíð.

8.2 Vegir

Stofnvegir og tengivegir eru skilgreindir á skipulagsupphráttum. Einnig eru *aðrir vegir* sýndir til skýringar á upphrátti þar sem talin er þörf á að gera grein fyrir þeim, óháð flokkun eða eignarhaldi. Aðeins stofn- og tengivegir eru skipulagsskyldir í aðalskipulagi, auk vega í náttúru Íslands.

Ekki skal byggt nær miðlínu stofn- og tengivega í dreifbýli en 100 m og 50 m frá öðrum vegum sbr. d. lið greinar gr. 5.3.2.5. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Í töflu hér að neðan eru upplýsingar um stofn- og tengivegi í sveitarfélaginu.

Númer vegar	Heiti	Lengd	Lýsing
1	Hringvegur	6 km	Stofnvegur
83	Grenivíkurvegur	13 km	Stofnvegur
84	Víkurskarðsvegur	0,3 km	Stofnvegur
830	Svalbarðseyrarvegur	0,7 km	Stofnvegur
828	Veigastaðavegur	2 km	Tengivegur
832	Vaðlaheiðarvegur	4 km	Tengivegur

Hér að neðan eru frekari upplýsingar um vegi í sveitarfélaginu:

Hringvegur (1)

Stofnvegur sem liggur frá sveitarfélagamörkum í suðri og verður að Vaðlaheiðargöngum sem liggja til austurs um Vaðlaheiði. Vaðlaheiðargöng voru opnuð árið 2018, áður lá hringvegurinn um Svalbarðsstrandarhrepp til norðurs og austur um Víkurskarð. Árið 2023 var dagleg meðaltalsumferð eða árdagsumferð (ÁDU) 1650 bílar, 2450 yfir sumarið (SDU) og 1050 yfir vetrartímann (VDU).

Grenivíkurvegur (83)

Stofnvegur sem var áður hringvegur 1 liggur um Svalbarðsstrandarhrepp endilangan frá hringtorgi við Vaðlaheiðargöng að sveitarfélagamörkum Grýtubakkahrepps og áfram til Grenivíkur. Árið 2023 var ÁDU að Svalbarðsströnd 1450 bílar, SDU 2150 og VDU 900. Norðan Svalbarðseyrar var ÁDU 1100 bílar, SDU 1650 og VDU 630.



Mynd 36 Grenivíkurvegur til norðurs út Eyjafjörð

Svalbarðseyrarvegur (830)

Vegurinn liggur frá Grenivíkurvegi til vesturs og að þéttbýlinu Svalbarðseyri. Árið 2023 var ÁDU 700 bílar, SDU 820 og VDU 580.

Vaðlaheiðarvegur (832)

Fyrrum þjóðvegur lá áður yfir Vaðlaheiði ofan Svalbarðseyrar. Umferð um veginn hófst árið 1930 en árið 1985 var vegurinn aflagður sem þjóðvegur og við tók vegur um Víkurskarð árið 1985. Í dag er hluti gamla Vaðlaheiðarvegarins vegarins skilgreindur sem tengivegur og þjónar íbúum og eigendum frístundahúsa í Vaðlaheiði. Vegurinn er síðan skilgreindur sem landsvegur þar sem hann liggur áfram yfir Vaðlaheiði í Fnjóskadal og nýtist sem útivistar- og ferðamannavegur. Vegurinn er ekki opin á veturna en sumarið 2023 ferðuðust að meðaltali 42 bílar um veginn á dag (SDU).

Vegir í náttúru Íslands

Skrá um vegi, aðra en þjóðvegi, í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, skal skila með aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skv. 2. mgr. 7. gr. vegalaga, nr. 80/2007. Vegir í náttúru Íslands eru vegir, aðrir en þjóðvegir, þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, sbr. 32. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Tillaga sveitarfélagsins er sýnd á skýringarupphætti.

Í reglugerð um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 260/2018 er skilgreining á vegum í náttúru Íslands og hvernig þeir skulu flokkast, sjá töflu hér að neðan.

Flokkur	Skilgreining
F0	Greiðfær vegur, fær allri almennt umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjó og vegna aurbleytu á þáttíð.
F1	Seinfær vegur, fær allri almennt umferð að sumarlagi. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Vegir þessir eru oft lokaðir á veturna vegna snjó og vegna aurbleytu á þáttíð.
F2	Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjóllum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokað á veturna vegna snjó og aurbleytu á þáttíð.
F3	Torfær vegur, einungis fær stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjóllum. Vegur, oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða, getur verið ójafn, grýttur og með bleytuíhlaupum. Breidd um 4 m. Oft lokað á veturna vegna snjó og aurbleytu á þáttíð.

Tafla 4 Flokkun vega skv. lögum um náttúruvernd

Vegir í náttúru Íslands í Svalbarðsstrandarhreppi eru eftirfarandi:

Flokkur	Lýsing
F2	Vegur liggur frá Vaðlaheiðarvegi til norðurs að Gautsstaðahnjúk og þjónustar fjarskiptamannvirki á svæðinu. Vegurinn er ekki þjónustaður að veturlagi en fær allri umferð að sumarlagi.
F3	Vegur liggur frá Vaðlaheiðarvegi til suðurs eftir Vaðlaheiði að Veigastaðavatni. Vegurinn er ekki þjónustaður og einungis fær vel búnum bílum síðsumars.

Tafla 5 Tafla yfir vegi í náttúru Íslands innan Svalbarðsstrandarhrepps


8.3 Göngu- og hjólastígar, gönguleiðir og reiðleiðir

Um sveitarfélagið hlykkjast gönguleiðir sem ýmist eru fornar þjóðleiðir en einnig göngu- og hjólastígar sem lagðir hafa verið á undanförnum árum. Stígarnir eru mikið notaðir af íbúum og gestum til útivistar.

Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir lagningu göngu- og hjólastígs um sveitarfélagið frá norðri til suðurs. Í fyrsta áfanga mun stígurinn tengja Svalbarðseyri við hjóla- og göngustíg um Vaðlaskóg til Eyjafjarðar og áfram til Akureyrar um Leiruveg. Göngu- og hjólastígur mun liggja meðfram þjóðveginum þar sem hagstæðast er að leiða hann og auðveldar þá hjólandi og gangandi vegfarendum að ferðast um sveitarfélagið á öruggan hátt. Lega göngu- og hjólastígsins er sýnd á uppdrætti til viðmiðunar.

Göngu- og hjólastígur um Svalbarðsstrandarhrepp er meðal forgangsverkefna í áfangastaðaaætlun Markaðsstofu Norðurlands, 2024. Ásamt hönnun göngu- og hjólastígs milli hreppamerkja er einnig hnitsetning og kortlagning gönguleiða í Vaðlaheiði.

Stefnt er að því að byggð í Svalbarðsstrandarhreppi tengist saman með útivistarstígum um sveitarfélagið sem geta þá nýst til heilsubótar og samgangna. Megin útivistarstígar eru sýndir á uppdrætti, þeir eru opnir allri almennri umferð þar sem vegfarendur þurfa að taka tillit til annarra notenda, ríðandi, gangandi og hjólandi.



Mynd 37 Sneiðingur - Nýttur m.a. sem útivistarstígur

9 Stefnumörkun - veitur

Undir flokkinn veitur falla eftirfarandi kaflar: Fráveita, vatnsveita, hitaveita, rafveita og fjarskipti.

Almenn ákvæði:

- Íbúar sveitarfélagsins skulu ávallt hafa greiðan aðgang að nægilegu neysluvatni í hæsta gæðaflokki.
- Að veitukerfi sveitarfélagsins valdi sem minnstum skaða á lífríki og uppfylli ávallt ströngustu kröfur um vatnsgæði og almenn skilyrði mengunarvarnarreglugerðar.
- Að orkunotkun í sveitarfélaginu valdi eins litlu álagi á náttúruna eins og kostur er.
- Uppbygging veitukerfa skal haldast í hendur við uppbyggingu nýrra byggingarsvæða.
- Veitukerfi í nýjum hverfum skal hannað þannig að frárennsli yfirborðsvatns og annars fráveituvatns verði aðskilið.
- Fráveitukerfið skal útfært þannig að það anní fyrirhuguðum nýbyggingarsvæðum og annarri starfsemi sem tengist inn á kerfið í framtíðinni.
- Úrbætur á fráveitukerfi verði gerðar til að tryggja íbúum hreinlegt umhverfi og fjörur.
- Að mengun fráveituvatns verði haldið í lágmarki. Uppfylltar séu kröfur reglugerðar um fráveitur og skolp varðandi hreinsun á skolpi áður en því er veitt til sjávar.

9.1 **Vatnsveita (V)**

Norðurorka hf. rekur vatnsveitu Svalbarðsstrandarhrepps. Helstu vatnsból eru sýnd og afmörkun vatnsverndarsvæða þeirra. Stofnlagnir vatnsveitu og vatnsból eru sýnd á aðalskipulagsuppdraetti. Allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum eru háðar leyfi sveitarstjórnar undir eftirliti heilbrigðiseftirlits norðurlands eystra.

9.2 **Hitaveita (H)**

Norðurorka rekur hitaveitu sveitarfélagsins og er stofnlögn veitunnar sýnd á aðalskipulagsuppdraetti. Ekki er þörf á að sýna nýjar hitaveitulagnir í aðalskipulagi og má því leggja þær án breytingar á aðalskipulagi.



Mynd 38 Lagning hitaveitu um Vaðlareit úr Vaðlaheiðargöngum í Skógarböð

9.3 Fráveita (F)

Sveitarfélagið á og rekur fráveitumannvirki. Um er að ræða fráveitukerfi innan þéttbýlisins og útrásir þeim tengdar. Fráveitukerfið er einfalt, íbúaskólp og regnvatn blandast saman í fráveitunni og er leitt til sjávar, þó með þeirri undantekningu að í nýjustu íbúðahverfum þéttbýlisins er regnvatni ekki lengur veitt í fráveituna. Einfalt hitaveitukerfi er í bænum og bakrásarvatni hitaveitunnar sömuleiðis veitt út í fráveituna. Byggð hefur verið dælustöð við Akurgerði sem tengir fráveituna úr syðri hluta þéttbýlisins við meginútrásina í Hafnargötu með þrýstilögn.

Gert er ráð fyrir endurbótum fráveitukerfisins á skipulagstímabilinu. Sú aðgerð felst m.a. í byggingu skólphreinsistöðvar í samræmi við reglugerð 798/1999 sem kveður á um að skólp skuli hreinsa með a.m.k. eins þreps hreinsun eða sambærilegri hreinsun sé viðtaki skilgreindur sem síður viðkvæmur. Stjórnvöld á Íslandi hafa unnið að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Samkvæmt markmiðunum telst meðhöndlun á skólpi einungis örugg ef það fær tveggja þrepa hreinsun.

Með blágrænum ofanvatnslausnum má minnka álag á fráveitu og auka hlutfall gróðurs í manngerðu umhverfi. Ekki eru sett bindandi ákvæði um blágrænar ofanvatnslausnir en mælst til þess að þær séu hafðar í huga við skipulag byggðar ásamt viðeigandi plöntuvali.

9.4 **Rafveita (R)**

Samhliða lagningu 36 kV rafstrengs um Svalbarðsstrandarhrepp vegna framkvæmda við Hólsvirkjun árið 2019 voru lagðir í jörð 12 kV dreifistrengir með gömlum vegslóða í Vaðlaheiði á um 4,5 km kafla ofan byggðar að tengivirki við Rangárvelli á Akureyri. Hólasandslína var lögð yfir Vaðlaheiði í Eyjafjarðarsveit árið 2022 og í kjölfarið var Laxárlína, 66 kV loftlína sem lá um Svalbarðsstrandarhrepp, tekin úr notkun.

Raforka til neytenda kemur um dreifikerfi Rarik frá aðveitustöð fyrirtækisins á Rangárvöllum á Akureyri. Raflínurnar um Svalbarðsstrandarhrepp hafa allar verið lagðar í jörð. Megin lega jarðstrengja er sýnd á uppdrætti aðalskipulags.

9.5 **Ljósleiðari (L)**

Trygg fjarskipti skipta íbúa höfuðmáli hvað varðar lífsgæði og öryggi. Allir íbúar sveitarfélagsins hafa aðgang að ljósleiðara. Á Vaðlaheiði er fjarskiptamastur Flugmálastjórnar og endurvarpsstöð sem fjallað er um nánar í kafla um iðnaðarsvæði.

Fjarskipta mannvirki eru almennt fyrirferðarlítill og ekki afmörkuð sérstaklega á uppdrætti heldur mörkuð almenn stefna um að mannvirkjagerð af því tagi sé heimil enda mikilvægt að aðgangur að fjarskiptakerfum sé sem víðast.

Ljósleiðari liggur að endurvarpsstöð á Vaðlaheiði og eftir byggðinni endilangri norður til Grenivíkur. Ljósleiðarinn liggur frá Steinsskarði á Vaðlaheiði suður að Varðgjárvötnum. Leiðbeinandi lega ljósleiðara um Svalbarðsstrandarhrepp er sýnd á uppdrætti.

Strenglagning veldur almennt ekki verulegri röskun á yfirborði. Lagning fjarskiptalagna í jörð meðfram vegum og stígum krefst ekki breytinga á aðalskipulagi og er ekki háð framkvæmdaleyfi nema um sé að ræða svæði sem njóta verndar. Slíkar framkvæmdir eru þó tilkynningaskyldar til sveitarfélagsins.

10 Stefnumörkun - vatn, vernd og vá

Undir flokkinn vatn, vernd og vá falla eftirfarandi kaflar: Vötn, ár og sjór, strandsvæði, vatnsbólsvæði, svæði undir náttúruvá, varúðarsvæði, minjavernd, friðlýst svæði og hverfisverndarsvæði.

Í Þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038, er í aðgerðaáætlun kveðið á um að hafin verði vinna við strandsvæðisskipulag fyrir Eyjafjörð og Skjálfanda. Öll leyfi til framkvæmda og starfsemi á svæðinu skulu vera í samræmi við strandsvæðisskipulagið þegar það kemur til gildistöku og stefna í aðalskipulagi í samræmi við svæðisskipulag.

Lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er ætlað að vernda vatnsauðlindina til framtíðar. Í þeim er kveðið á um gerð vatnaáætlunar og hefur fyrsta útgáfa hennar gildistíma 2022-2027. Í áætluninni eru skilgreind vatnshlot, sem eru númeraðar stjórnsýslueiningar. Áætlunin gerir ráð fyrir öflun upplýsinga um ástand vatns í hverju vatnshloti og vöktun. Skyld er að laga skipulagsáætlanir að þeirri stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Tvö vatnshlot eru í Eyjafirði sem liggja að ströndum Svalbarðsstrandarhrepps: 102-1321-C liggur frá Garðsvík og suður að Leiruvegi. Vatnshlot 102-1365-C liggur þvert yfir Eyjafjörð frá Garðsvík og til norðurs út Eyjafjörð.

Í Vaðlaheiði eru vatnshlotin 102-277-G, Eyjafjörður sem inniheldur vatnsflokkinn grunnvatn og nær yfir grunnvatn sem streymir í Eyjafjörð frá láglandi svæðum fjarðarins. Vatnshlot 101-276-G, Mið-Norðurland nær frá efstu hlíðum Vaðlaheiðar yfir hálendi Mið-Norðurlands.

Vatnshlotanúmer	Heiti	Vatnsflokkur	Ástand
102-1321-C	Eyjafjarðarbotn	Strandsjór	Um er að ræða vatnsflot í góðu vistfræðilegu ástandi Umhverfismarkmið flokka vatnshlotið í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi sem er ekki í hættu.
102-1365-C	Eyjafjörður	Strandsjór	Vistfræðilegt ástand er óflokkað. Umhverfisviðmið flokka vatnshlotið í vistfræðilega- og efnafræðilega góðu ástandi sem er ekki í hættu.
101-276-G	Eyjafjörður	Grunnvatn	Undir umhverfisviðmiðum fær vatnshlotið góða einkunn fyrir magn og efnafræðilegt ástand.
102-277-G	Mið-Norðurland	Grunnvatn	Undir umhverfisviðmiðum fær vatnshlotið góða einkunn fyrir magn og efnafræðilegt ástand.

Skv. vatnaáætlun eru engin vatnshlot í Svalbarðsstrandarhreppi metin í óvissu eða í hættu um að ná umhverfismarkmiðum.

Grunnvatn og yfirborðsvatn, þar á meðal sjór við strendur, skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 í eftirtalda flokka:

- Flokkur A: Ósnortið vatn
Flokkur B: Lítið snortið vatn
Flokkur C: Nokkuð snortið vatn
Flokkur D: Verulega snortið vatn
Flokkur E: Ófullnægjandi vatn

Sjór við botn Eyjafjarðar, Pollurinn, er talinn viðkvæmur viðtaki miðað við skilgreiningu reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 en út með Svalbarðsströnd telst sjórinn síður viðkvæmur viðtaki miðað við sömu reglugerð. Ástand sjávar undan Svalbarðseyri telst gott sbr. kafla 6.2.2 um fráveitu. Strandlengja við Svalbarðsstrandarhrepp flokkast í flokk B, lítið snortið vatn, sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greina reglugerðar um varnir gegn mengun vatns. Engin stór vatnsföll eru í sveitarfélaginu. Veigastaðavatn er uppi á Vaðlaheiði og tjarnir eru innan við sjávarkambinn á Svalbarðseyri.

10.1 **Vötn, ár og sjór (V)**

Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talin lega þeirra vegna stífla, breytingar á árfarvegum og landfyllinga.

Almenn ákvæði:

Undir þennan flokk falla vatnsfletir vatna, fallvatna og sjávar. Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m utan þéttbýlis, og við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er óheimilt að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.

10.2 **Strandsvæði (ST)**

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

Almenn ákvæði:

- Í strandsjó og fjörum innan netlaga er lögð áhersla á vernd vistkerfa og tegundafjölbreytni. Sjálfbær nýting vistkerfa er heimil.
- Stefnt er að takmörkun saurmengunar og hreinleika strandsjávar í samræmi við 10. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

10.3 **Vatnsból (VB) og vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF)**

Vatnsból er svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar (VB). Vatnsvernd vatnsbóla eru svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF).

Um vatnsverndarsvæði gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um mengun vatns nr. 796/1999. Samkvæmt þeirri reglugerð eru vatnsverndarsvæði flokkuð í eftirfarandi flokka:

I. flokkur. Brunnsvæði í næsta nágrenni vatnsbólsins, sem er algjörlega friðað nema fyrir nauðsynlegum framkvæmdum vatnsveitunnar. Brunnsvæði skulu vera afgirt.

II. flokkur. Grannsvæði, sem er utan við brunnsvæði og er aðrennslissvæði grunnvatns. Stærð og lögun þess ræðst af stærð brunnsvæðis og jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstraumum sem stefna að vatnsbóli.

Allar framkvæmdir á grannsvæði eru háðar ströngu eftirliti og samþykki heilbrigðisnefnda.

III. flokkur. Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna.

Í sveitarfélaginu eru þrjú megin vatnsból í landi Garðsvíkur, Brautarhóls og Halllands. Einnig eru vatnsveitur í einkaeigu sem eru ekki tilgreindar sérstaklega en njóta almennra vatnsverndarákvæða. Að auki eru afmörkuð vatnsverndarsvæði fyrir vatnsból sem liggja utan sveitarfélagamarka, í Vaðlaheiðargöngum í Þingeyjarsveit og Ytri-Varðgjá í Eyjafjarðarsveit. Á uppdrætti eru sýnd brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði vatnsbóla.

Almenn ákvæði vatnsverndarsvæða

- Tryggt skal að ávallt sé til nægjanlegt, heilnæmt vatn fyrir vatnsveitur í sveitarfélaginu fyrir íbúa og atvinnurekstur.
- Engin byggð er heimil innan vatnsverndarsvæða og allar framkvæmdir háðar leyfi sveitarstjórnar undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.
- Umferð vélknúinna ökutækja skal takmörkuð á vatnsverndarsvæðum og skal afmörkun verndarsvæða merkt við nauðsynlegar akstursleiðir. Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra við gerð viðbúnaðaráætlunar vegna hugsanlegra óhappa sem valdið gætu mengun grunnvatns.

10.3.1 Brunnsvæði (VB)

Meginvatnsból og vatnsverndarsvæði eru þrjú; ofan Garðsvíkur (VB1), ofan Brautarhóls (VB2) og ofan Halllands (VB3). Brunnsvæði vatnsverndar eru skilgreind af Norðurorku og ná umhverfis vatnsból og nánasta umhverfi.

Skilmálar

- Brunnsvæðið skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.
- Sveitarstjórn getur krafist þess að svæðin skuli girt af mannheldri girðingu, sem er minnst 5 m frá vatnsbóli.

10.3.2 Grannsvæði (VG)

Grannsvæði vatnsverndar er skilgreint umhverfis brunnsvæði á þeim svæðum sem aðrennslis er talið vera að brunnsvæðum. Grannsvæði á uppdrætti eru þrjú; ofan Garðsvíkur (VG1), ofan Brautarhóls (VG2), ofan Halllands (VG3) og ofan Vaðlabbyggðar fyrir Ytri-Varðgjá (VG4).

Skilmálar

- Á grannsvæði er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín eða skyld efni, vegsalt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og áburður (tilbúinn eða af öðru tagi), sorp og annar úrgangur. Auk þess efni sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.
- Ekki skal leyfa ný mannvirki á grannsvæði.
- Umferð gangandi er heimil á grannsvæðum en ekki er leyft að koma upp áningarstöðum þar sem búast má við viðveru göngumanna innan grannsvæða
- Veglagnir og áburðanotkun er ekki leyfð á grannsvæðum.
- Öll skotveiði er óheimil innan grannsvæða vatnsbóla.

10.3.3 Fjarsvæði (VF)

Framkvæmdir á fjarsvæðum eru háðar eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Sjá nánar reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999.

Meginatriði vatnsverndar fjarsvæða eru:

- a. Að varðveita eins mikið af vatnstökusvæðum og hægt og skynsamlegt er með tilliti til þróunar byggðar.
- b. Meginatriði eru gæði vatns og magn og hversu auðvelt er að ná því upp á yfirborðið. Auk þess skiptir nálægð við byggð miklu máli. Sumt vatn er ekki drykkjarhæft en hins vegar nothæft til atvinnurekstrar.

Fjarsvæði á uppdrætti eru fjögur; ofan Garðsvíkur (VF1), ofan Brautarhóls (VF2), ofan Halllands (VF3) og vatnsból í Vaðlaheiðargöngum (VF4).

10.4 Minjavernd (MV)

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er kveðið á um skráningu menningarminja vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda. Þar segir í 1. mgr.:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er gerður greinarmunur á friðuðum fornleifum og friðlýstum. Allar mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni sem eru 100 ára eða eldri teljast til fornleifa og eru sjálfkrafa friðaðar, sama gildir um hús og mannvirki sem byggð voru árið 1923 eða fyrr. Bátar flokkast til forngripa og aldursfriðun þeirra miðar við árið 1950. Friðlýsing fornminja er í höndum ráðherra eftir tillögum Minjastofnunar. Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgað svæði og gilda sömu reglur um það svæði og um fornleifarnar sjálfar. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhvers þær eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands.

Í Svalbarðsstrandarhreppi er töluvert um fornleifar og aðrar menningarminjar en engar friðlýstar fornleifar.

Náttúru- og söguminjarnar eru í eðli sínu auðlind, bæði í menningarlegu tilliti og vegna útivistar og ferðaþjónustu og því mikilvægt til þeirra sé tekið tillit við skilgreiningu landnotkunar og framkvæmda.

Almenn ákvæði:

- Stuðlað verði að verndun menningarminja, bygginga og húsaraða sem hafa verndargildi út frá byggingarlistrænu, sögulegu eða umhverfislegu sjónarmiði.

10.4.1 Fornminjar

Í Svalbarðsstrandarhreppi fór fram heildstæð skráning fornleifa sumarið 2004 og voru skráðar 315 fornleifar. Sú skráning uppfyllir hins vegar ekki staðla um skráningu og hana þarf að uppfæra á fyrirhugaðum framkvæmdasvæðum.

Þær fornleifaskráningar sem til eru í Svalbarðsstrandarhreppi eru eftirfarandi:

Fornleifar í Svalbarðsstrandarhreppi, Fornleifastofnun Íslands – 2005

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar lagnar ljósleiðara frá Akureyri að Kröflu í S-Þingeyjarsýslu - 2007

Athugun á fornleifum á Svalbarðseyri vegna deiliskipulags í landi Meðalheims í Svalbarðsstrandarhreppi - 2016

Fnjóskadalslína. Athugun á fornleifum vegna strenglagningar RARIK í Fnjóskadal yfir í Eyjafjörð - 2019

Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnslína í jörð frá Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi til Nollar í Grýtubakkahreppi Búnaðarsamband Eyjafjarðar -2020

10.4.2 Byggingar

Friðuð mannvirki í Svalbarðsstrandarhreppi eru eftirfarandi:

Nafn	Bygg. ár	Upphafleg notkun	Núverandi notkun
Jakobshús	1898	Verslunar- og íbúðarhús	
Gamla búð	1901	Verslun	Safn/ferðaþjónusta
Hamraborg	1903	Íbúðarhús	Íbúðarhús
Gamla sláturhúsið	1908	Gamla sláturhúsið	Aðstöðuhús/hárgreiðslustofa
Meyjarhóll	1913	Íbúðarhús	Geymsla
Nóatún	1914	Íbúðarhús	
Breiðablik	1914	Íbúð og geymsluhúsnæði	
Sunnuhvoll	1916	Íbúðarhús	Sumarhús
Þinghúsið	1922	Þinghús	Íbúðarhús/safn

Gamla íbúðarhúsið að Svalbarði sem áður var einnig samkomuhús sveitarfélagsins var byggt 1924 og hefur gildi sem hluti upprunalegrar byggðar á Svalbarðseyri.

Ekki er að finna friðlýst hús eða mannvirki í Svalbarðsstrandarhreppi.

10.5 Náttúruvernd

Náttúruminjaskrá skiptist í þrjá hluta samkvæmt VI. kafla náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Sá fyrsti (A) fjallar um þegar friðlýst svæði, annar (B) er um friðlýsingaráform og sá þriðji (C) tilgreinir aðrar mikilvægar náttúruminjar. Náttúruminjaskrá er á forræði ríkisins og afmörkun verndarsvæða og verndarákvæði geta breyst án þess að aðalskipulagi sé breytt. Við gerð deiliskipulags og útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfa þarf því að leita eftir nýjustu upplýsingum hverju sinni.

Ekki er að finna svæði á Náttúruminjaskrá í Svalbarðsstrandarhreppi.

10.6 Önnur náttúruvernd (ÖN)

Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Almenn ákvæði:

- Sérstæð náttúra skal njóta verndar, bæði að frumkvæði sveitarstjórnar með eigin skipulagsákvörðunum og í samstarfi við ríkisvaldið.
- Við nýtingu náttúruauðlinda skal það gert með sjálfbærum hætti og gætt að því að svæðum sem njóta verndar ekki sé raskað.
- Staðinn verði vörður um landslag, lífríki og minjar.

Í Svalbarðsstrandarhreppi er að finna vistkerfi og jarðminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þar segir um náttúruminjar sem njóta verndar í 1. mgr. a lið: *votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur.* Í 2. mgr. b lið segir: *fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.*

Veigastaðavatn á Vaðlaheiði er um 120.000 m², Tungutjörn og Svalbarðstjörn á Svalbarðseyri eru um 11.000 m² hvor um sig. Uppi á Vaðlaheiði eru nokkur votlendissvæði yfir viðmiðunarmörkum en mest allt votlendi á láglandi hefur verið ræst fram. Ekki verður gengið frekar á votlendi með framkvæmdum eða framræslu en orðið er. Fimm fossar njóta sérstakrar verndar, það er fossaröðin Neðstifoss, Miðfoss, Stekkjarfoss og Efstifoss ofan Svalbarðseyrar og Merkjafoss við sveitarfélagsmörk í suðri.

10.7 Hverfisverndarsvæði (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Almenn ákvæði:

- Hverfisvernd er ákvörðuð af sveitarstjórn og er þá um að ræða verndun svæða vegna sérstakrar náttúru, landslags, söguminja eða umhverfis- og útivistargildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.
- Hyggist sveitarstjórn leyfa starfsemi eða framkvæmdir á hverfisvernduðu svæði, skal ákvörðun í þeim efnum tekin að fenginni umsögn skipulagsnefndar sveitarfélagsins. Hverfisvernd verður einungis aflétt af skipulagssvæði í heild sinni með breytingu á aðalskipulagi.
- Heimilt er að byggja og halda við sjóvarnargörðum á svæðum sem falla undir hverfisvernd.

Eftirfarandi svæði eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi og eru settir sér skilmálar sem gilda um hvert þeirra.

10.7.1 HV-1: Eyrin

Hluti Eyrarinnar á Svalbarðseyri nýtur hverfisverndar vegna náttúrufars og útivistargildis. Verndarsvæðið nær yfir ströndina frá hafnarsvæði og um 1 km til norðurs. Innan þess eru tvær tjarnir og votlendi. Allar hefðbundnar nytjar landsins verða áfram heimilar en efnistaka verður óheimil svo og jarðrask annað en vegna stígagerðar og varnargarða til þess að verjast landbroti. Innan verndarsvæðisins verða engar byggingar aðrar en Svalbarðseyrarviti, sem þar stendur, og hugsanlega minni háttar mannvirki vegna útrásar fráveitu.

Skilmálar hverfisverndar HV-1

- Ekki verða heimilaðar byggingar eða efnistaka á skilgreindu hverfisverndarsvæði við Eyrina. Með því móti verður tryggt að ekki verði heimilaðar framkvæmdir sem raski útivistar- og verndargildi Tungutjarnar og Svalbarðstjarnar.

10.7.2 HV-2: Knarrarnes

Knarrarnes nýtur hverfisverndar vegna útivistargildis og sem minjastaður. Allar hefðbundnar nytjar verða áfram heimilar. Svæðið nýtur friðunar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Skilmálar hverfisverndar HV-2

- Ekki verða heimilaðar byggingar eða efnistaka á skilgreindu hverfisverndarsvæði við Knarrarnes.

10.8 Varúðarsvæði eða aðrar takmarkanir (VA)

Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni.

Ekki er að finna svæði í Svalbarðsstrandarhreppi sem fellur undir landnotkun varúðarsvæða.

10.9 Svæði undir náttúruvá (NV)

Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

Almenn ákvæði:

- Taka skal tillit til þekktrar náttúruvár við ákvarðanir um mannvirkjagerð.
- Huga skal að flóttaleiðum og brunavörnum á frístundasvæðum, taka tillit til áhrifa loftslagsbreytinga á sjávarstöðu og hættu vegna ofanflóða.

10.9.1 Sjávarflóð

Helst er hætta á sjávarflóðum við Svalbarðseyri þar sem flætt hefur að húsum á Eyrinni. Unnið hefur verið að frekari uppbyggingu sjóvarnargarða norðan hafnar og norðan tjarnar. Samtals er sjóvarnargarður við Svalbarðseyri um 1,1 km á lengd og minniháttar viðhald og lagfæringar á honum heimilar án framkvæmdaleyfis.

10.9.2 Eldgos

Svalbarðsstrandarhreppur liggur utan skilgreindra gosbelta. Eldvirkni á Mið-Norðurlandi lauk fyrir um 3 milljónum ára og var svæðið þá í stórum dráttum bunguvaxin háslétta, 1000-1500 m há, og hæst nálægt miðju þar sem nú er fjallið Kerling í Eyjafjarðarsveit. Síðan þá hafa jöklar ísaldar og ytri öfl mótað Eyjafjörð eins og við þekkjum hann dag. Helst er hætta á náttúruvá vegna eldgosa í sveitarfélaginu af völdum öskufalls ef gos yrði undir jökli í Bárðarbungu eða mögulega plínískt sprengigos í Öskju.

10.9.3 Hætta vegna loftslagsbreytinga

Loftslagsbreytingum fylgja ýmiskonar veður- og landfræðilegar áskoranir en erfitt er að spá fyrir um það hvaða afleiðingar loftslagsbreytingar munu hafa á veðurfari og aðstæður á Íslandi. Vísbendingar benda til þess að á Íslandi gæti jafnvel kólnað við hnattræna hlýnun með auknu ferskvatnsstreymi vegna bráðnunar norðurheimskautsins gegn golfstraumi. Líkur eru á aukinni úrkomu og skriðuföllum, hækkandi yfirborði sjávarmáls og flóðum. Ef hagstæðari vaxtar skilyrði skapast fyrir trjágróður samhliða langvarandi þurrka tímabilum er mikilvægt að huga að hættu sem kann að skapast vegna gróðurelda, einkum þar sem mannvirki gætu orðið eldi að bráð. Mikilvægt er að vegir geti borið þunga tankbíla slökkviliðs. Slökkvilið skal hafa greiðan aðgang að slökkvivatni og gerð grein fyrir slíku í deiliskipulagi viðkomandi svæða. Próun byggðar við sjávarborð skal taka mið af tiltækum gögnum hverju sinni og reglur settar varðandi gólfkóta í viðkomandi deiliskipulagi eða við útgáfu byggingarleyfis. Staðsetning mannvirkja skal athuguð mt.t. skriðufalla. Vegna breytinga á fargi jökla eiga sér stað lóðréttar jarðskorpuhreyfingar sem valda landsigi eða landrasi eftir því hvar á landinu er rekið niður fæti. Samkvæmt skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018 kemur fram að á tímabilinu 2001 – 2015 hafi orðið landris á Akureyri sem nemur 3,39 mm/ári. Sé litið til hnattrænnar hækkunar sjávaryfirborðs um 100 cm má gera ráð fyrir því að innarlega í fjörðum norðanlands gæti jafnvel orðið lækkun sjávaryfirborðs um 2 cm upp í hækkun að 20 cm. Auknar öfgar í veðurfari gætu

einnig aukið áhlaðanda, um 1 cm fyrir hvert millibar í undirþrýstingi. Breytingar á loftslagi og þekking á afleiðingum loftslagsbreytinga þróast hratt og því nauðsynlegt að afla nýjustu gagna og taka tillit til þeirra við framkvæmdir og þróun byggðar.

10.9.4 Ofanflóð

Ofanflóð eru talsvert algeng og er þá bæði um að ræða snjóflóð og aur- og skriðuföll.


Afmarkað er svæði undir náttúruvá (NV1) út frá gögnum Veðurstofu Íslands sem miðast við algengan upptakahalla snjóflóða. Á þessum slóðum má gera ráð fyrir því að snjóflóð og jafnvel skriður geti fallið. Innan þessarar afmörkunar féll skriða á veginn utan við Faxafall, skammt frá Garðsvík haustið 1959. Undir Hallandsklettum hefur einnig orðið grjóthrun. Afmörkun svæða undir náttúruvá skarast við vatnsverndarsvæði og því verður að gera ráð fyrir því að jarðföll geti haft áhrif á þessi vatnstökusvæði.

10.9.5 Jarðskjálftar

Um Ísland liggur Mið-Atlantshafshryggurinn sem skiptir landinu í tvö meginhluta sem reka til austurs og vesturs með tilheyrandi eld- og jarðskjálftavirkni. Misgengi liggja um norðanvert landið, má þar helst nefna Dalvíkurmisgengið og Tjörnesbrotabeltið, sem er blanda af þvergengis- og gliðnunarbelti, með stefnu til NV – SA. Í grennd við þetta belti má gera ráð fyrir töluverðri skjálftavirkni og má þar nefna t.a.m. Dalvíkurskjálftann, um 6,2 að stærð árið 1934.

Landinu hefur verið skipt niður í sex hönnunarhraðasvæði, sbr. kort Björns Inga Sveinssonar og Páls Halldórssonar 2009. Þar eru taldar 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina $a_g = 0,4g$ en það er 40% af þyngdarhröðun jarðar, $9,8 \text{ m/s}^2$. Við hönnun á mannvirkjum er notast við hönnunarhröðun hvers svæðis. Svalbarðsstrandarhreppur flokkast í álagssvæði 1 og 2, þ.e. hönnunarhröðun 0,10g og 0,15g. Markalínan er dregin með talsverðum skekkjumörkum og ber því að miða við hönnunarhröðunina 0,15g á meginhluta skipulagssvæðisins.

Í aðalskipulagi er stefnt að því að allir íbúar sveitarfélagsins búi við góð búsetuskilyrði í fallegu og öruggu umhverfi, þ.m.t. vegna náttúruvár. Við hönnun mannvirkja skal tekið mið af reglugerðum og samþykktum stöðlum um jarðskjálftahönnun mannvirkja.



Mynd 39 Áætlun um hönnunarhröðun eftir svæðum í Svalbarðsstrandarhreppi

11 Samræmi við aðrar áætlanir

11.1 Samræmi aðalskipulags við svæðisskipulag

Í vinnu við aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps var Svæðisskipulag Eyjafjarðarsveitar 2012 - 2024 haft til hliðsjónar og er tillaga að aðalskipulagi að samræmd að þeim megin stefnum sem settar eru fram í svæðisskipulagi.

Má þar nefna uppbygging göngu- og hjólaleiða milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, tryggt framboð jarðefna af viðeigandi gæðum til mannvirkjagerðar, afmörkun vatnsverndarsvæða og varðveislu ræktarlands.

11.2 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Landsskipulagsstefna 2024-2038 öðlaðist gildi 16. maí 2024. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, og samræma skipulagsáætlanir að landsskipulagsstefnu

Í stefnunni eru sett fram níu lykilviðfangsefni og þrjú markmið stjórnvalda í skipulagsmálum. Við vinnu að gerð aðalskipulags fyrir Svalbarðsstrandarhrepp var litið til viðfangsefna Landsskipulagsstefnu og tillagan mótuð að henni. Hér á eftir er umfjöllun um samþættingu aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps við landsskipulagsstefnu í þeim málaflokkum sem tengjast sveitarfélaginu.

Viðbrögð við loftslagsbreytingum.

Við skilgreiningu landnotkunar er þess gætt að mannvirki og innviðir verði ekki í hættu vegna breytinga á sjávarstöðu. Uppbygging innviða miðar að aukinni notkun faratækja knúnum vistvænum orkugjöfum þar sem fyrst og fremst er litið til gangandi og hjólandi vegfarenda. Svigrúm er gefið til bindingu kolefnis með skógrækt á landbúnaðarsvæðum og settur fram skilmáli um vernd votlendis.

Jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæðum í byggðu umhverfi

Við skilgreiningu íbúðarbyggða er tekið tillit til grænna svæða, íbúum tryggt aðgengi að náttúrulegu umhverfi og möguleika á útivist. Íbúðarbyggðir skulu ekki skipulagðar á kostnað góðs umhverfis.

Uppbygging þjóðhagslega mikilvægra innviða.

Í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps er áhersla lögð á góðar og öruggar samgöngur, örugg fjarskipti og að veitukerfi þróist í takt við þörf og þróun samfélagsins.

Landnotkun í dreifbýli.

Í dreifbýli er lögð áhersla á vernd góðs ræktarlands, með möguleika á skógrækt og annarri landnotkun þar sem land fellur í lakari flokka. Í suðurhluta sveitarfélagsins er stuðlað að framboði fjölbreyttra búsetukosta og yfirbragð byggðar einkennist af góðu andrými og fjölbreyttum möguleikum til útivistar.

Orkuskipti í samgöngum og fjölbreyttir ferðamátar.

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu stígakerfis um sveitarfélagið sem stuðlar að örflæði og fjölbreytni ferðamáta.

Skipulag haf- og strandsvæða.

Í vinnslu er skipulag haf- og strandsvæða fyrir Eyjafjörð og Skjálfanda. Samkvæmt skilgreiningu í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012 – 2024 er Pollurinn metinn sem *viðkvæmur viðtaki* en annarsstaðar í Eyjafirði er hann skilgreindur sem *síður viðkvæmur viðtaki*. Í aðalskipulagi er lögð áhersla á endurbætur í fráveitumálum og að skilmálar reglugerða séu uppfylltir. Skipulagið gerir ekki ráð fyrir landnotkun að strandsvæði Svalbarðsstrandarhrepps annarsstaðar en á Svalbarðseyri þar sem er bryggja og gert ráð fyrir hefðbundinni hafnarstarfsemi.

Skipulag vindorku.

Landsvæði Svalbarðsstrandarhrepps hentar ekki til uppsetningu vindmyllugarða.

Vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps er lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda og að við útgáfu framkvæmdaleyfa sé tekið sé tillit til viðkomandi lífríkis og náttúrulegs breytileika.

11.3 Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga

Aðalskipulagsáætlanir nágranna sveitarfélaga eru eftirtalin og ekki misræmi um meginstefnur aðliggjandi sveitarfélaga og þeirrar stefnu sem sett er fram í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps varðandi landnotkun.

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2023 – 2043

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030

Aðalskipulag Grýtubakkahrepps 2010-2022

11.4 Svæðisskipulag Eyjafjarðar

Svæðisskipulag Eyjafjarðarsveitar 2012-2024 var samþykkt af Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar þann 9. september 2013 en öll sveitarfélög við Eyjafjörð áttu fulltrúa í samvinnunefndinni.

Eftirtaldir efnispættir eru teknir til umfjöllunar í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024: Byggðaðróun og byggðamynstur, landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og takmörkun á landnotkun.

Í leiðarljósi svæðisskipulags segir að Eyjafjarðarsvæðið verði öflug heild í heilnæmu umhverfi með traustu atvinnulífi, sterkum innviðum og fjölbreyttum búsetukostum. Íbúar hafi jöfn tækifæri til að nýta sér kosti og möguleika svæðisins, óháð búsetu, en það stuðlar að samkennd þeirra.

Tilgangur með gerð svæðisskipulagsins er að stuðla að því að byggðamynstur í Eyjafirði verði hagkvæmt í fjárhagslegu og rekstrarlegu tilliti sem er ein forsenda góðra búsetuskilyrða á svæðinu. Stefnt er að góðum búsetuskilyrðum og fjölbreyttum búsetukostum á skipulagssvæðinu og hagkvæmu byggðamynstri. Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra þéttbýlisstaða og Eyjafjörður skal vera eitt atvinnusvæði. Með áherslu á hagkvæmt byggðamynstur sem dregur úr þörf fyrir bílaumferð og forsendur lagðar að rekstri almenningssamgangna og gangandi og hjólandi vegfarendum gert kleift að ferðast um svæðið á öruggan hátt. Áhersla er lögð á varðveislu góðs landbúnaðarlands við staðarval og skipulag byggðar.

11.5 Samgönguáætlun og vegáætlun

Samgönguáætlun 2024-2038 er heildarstefna í samgöngumálum þar er gerð grein fyrir stefnu ríkisins og helstu áætlunum í samgöngumálum. Við gerð samgönguáætlunar er unnið í takt við fjögur meginmarkmið að auka öryggi í samgöngum, stytta vegalengdir, tengja byggðir og umhverfis- og loftslagsmál. Aðgerðaáætlun fyrir fyrsta tímabilið, 2019–2023, hefur einnig verið samþykkt og öðlast gildi. Lykilviðfangsefni samgönguáætlunar fela meðal annars í sér að fækka slysum og sinna viðhaldi vega, breyttar ferðavenjur og samdrætti í staðbundnum umhverfis- og lýðheilsuáhrifum samgangna. Með framkvæmd göngu- og hjólastígs um sveitarfélagið og aukinni notkun örflæðiferðamáta á borð við hjól, rafknúin hlaupahjól og aðra léttu ferðamáta er minna álag á vegakerfið og stuðlað að markmiðum samgönguáætlunar.

11.6 Náttúruverndaráætlun

Í náttúruverndaráætlun er fjallað um náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Í áætluninni er lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins.

Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana. Við gerð hennar skal m.a. taka tillit til menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar, nauðsynjar á endurheimt vistgerða, nýtingar mannsins á náttúrunni og ósnortinna víðerna.

Í gildandi náttúruverndaráætlun er ekki gert ráð fyrir svæðum til friðlýsingar í Svalbarðsstrandarhreppi.

11.7 Kerfisáætlun

Í raforkulögum er kveðið á um að flutningsfyrirtæki raforku skuli árlega leggja fyrir Orkustofnun til samþykktar kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfisins, sem feli í sér 10 ára langtímaáætlun og framkvæmdaáætlun sem tekur til næstu þriggja ára.

Í Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028, langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfis raforku er að finna yfirlit yfir áætlaða þróun notkunar og framleiðslu raforku tengdri flutningskerfinu auk þeirrar uppbyggingar sem ráðgerð er í flutningskerfinu til næstu ára. Einnig er gerð grein fyrir helstu eiginleikum flutningskerfisins, svo sem aflgetu, áreiðanleika, töpum, styrkleika á afhendingarstöðum, líkum á aflskorti og helstu takmörkunum flutningskerfisins.

Í gildandi kerfisáætlun er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu flutningskerfisins innan sveitarfélagamarka Svalbarðsstrandarhrepps.

11.8 Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Markmið verndar- og orkunýtingaráætlunar er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í áætluninni eru virkjanakostir flokkaðir í þrjá flokka; nýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk.

Í gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun er ekki gert ráð fyrir valkostum innan sveitarfélagamarka Svalbarðsstrandarhrepps.

11.9 **Markmið stjórnvalda í loftslagsmálum**

Aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum er frá árinu 2024 en áætlunin er framlag Íslands til að ná markmiðum Parísarsamningsins. Áætlunin samanstendur af 92 loftslagsaðgerðum og 58 loftslagstengdum verkefnum. Henni er ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og leggja grunninn að markmiði stjórnvalda um um 55% samdrátt árið 2030 og kolefnishlutleysi Íslands árið 2040.

Stjórnvöld hafa einnig gefið út stefnu um aðlögum að loftslagsbreytingum sem nefnist í ljósi loftslagsvárs og var samþykkt síðla árs 2021.

Í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps eru ýmis ákvæði sem styðja við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Uppbygging göngu- og hjólastíga hvetur til notkunar virkra ferðamáta sem dregur úr notkun einkabílsins. Í aðalskipulagi er áhersla lögð á sjálfbæra landnýtingu, vernd votlendis og kolefnisríks jarðvegs og heimilaðir möguleikar á bindingu kolefnis með skógrækt á landi sem fellur í flokk L2, sæmilegt eða lélegt ræktarland. Með afmörkun svæða undir náttúruvá felst aðlögun að loftslagsbreytingum þar sem tekið er tillit til aukinnar skriðuhættu vegna bráðnunar sífrera og aukinnar úrkomu.

Í samræmi við stefnur stjórnvalda, alþjóðlegar skuldbindinga og skýrslur milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagabreytingar eru hér upplistan á þeim þáttum í endurskoðuðu aðalskipulagi sem koma til með að hafa áhrif á loftslag:

- Uppbygging stígakerfis mun liðka fyrir hjólandi- og gangandi umferð og hvetja til notkunar vistvænni ferðamáta.
- Heimildir til skógræktar auðvelda landeigendum að planta skógi sem getur stuðlað að bindingu koldíoxíðs úr lofthjúpnnum en einnig að binda jarðveg og draga úr skriðuhættu auk þess að skapa skjól og draga úr jarðvegsrofi.
- Takmörkun á þenslu byggðar til norðurs og stefna um þéttingu byggðar í þéttbýlinu Svalbarðseyri nýtir innviði betur, stuðlar að verndun kolefnisríks jarðvegs og stytir akstursleiðir.

11.10 **Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna**

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja alþjóðasamtakanna í september árið 2015. Heimsmarkmiðin eru flokkur markmiða og undirmarkmiða sem taka til alls heimsins og er ætlast til þess að þeim verði náð innan fimmtán ára (frá samþykkt markmiðanna) eða fyrir 2030. Ísland hefur að einhverju leyti, ásamt öðrum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna innleitt markmiðin sem eru 17 talsins og 169 undirmarkmið þeirra. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra.

Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Aðalinntak markmiðanna er jafnframt að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Því er mikilvægt að ríki horfi ekki eingöngu til meðaltala við mælingar á árangri sínum heldur nálgist innleiðingu markmiðanna á heildstæðan hátt. Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull og krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda en einnig þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila.

Við mótun stefnu fyrir sveitarfélagið í Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps var litið til heimsmarkmiðana og mælaborðs stjórnvalda. Sú stefna sem sett er fram í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps tekur tillit til þeirra markmiða sem stjórnvöld hafa sett sér t.a.m örugga meðhöndlun skólps og vernd strandsvæða, vernd votlendis og sjálfbæra þróun landgæða þar sem litið er til komandi kynslóða.

11.11 **Aðrar áætlanir**

Ýmsar áætlanir sveitarfélagsins og önnur gögn er snerta gerð aðalskipulags voru hafðar til hliðsjónar við endurskoðunina og eru þær innbyggðar í aðalskipulagið.

- Skólastefna sveitarfélagsins
- Húsnæðisáætlun Svalbarðsstrandarhrepps 2024
- Jafnréttisáætlun sveitarfélagsins

12 Breytingar frá Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008 – 2020

Við vinnu á endurskoðun aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps hafa allar afmarkanir á uppdráttum og skipulagsákvæði verið yfirfarin. Með nýrri tækni og betri gögnum hafa afmarkanir landnotkunar breyst með nákvæmari afmörkun. Ákvæði stjórnvalda um skipulag hafa líka breyst og því eru sett fram skýrari ákvæði og markvissari framsetning en kom fram í fyrra skipulagi. Settir eru fram nýjir landnotkunarreitir í samræmi við breytingar sem orðið hafa á skipulagsreglugerð og blönduðum landnotkunarreitum skipt út fyrir ráðandi landnotkun á hverjum stað.

Helstu breytingar eru þessar:

- Breytt afmörkun landnotkunarreita til samræmis við lóðamörk, mörk deiliskipulags eða staðhætti. Mörk landnotkunarreita hefur verið endurskoðuð til að ná fram eðlilegri samfelli og þeir sameinaðir eftir aðstæðum.

Nýjir landnotkunarreitir sem ekki voru í gildandi aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Miðsvæði Svalbarðseyrar
- Opið svæði við nýtt miðsvæði Svalbarðseyrar
- Strandsvæði við sveitarfélagamörk frá sjávarmáli
- Kirkjugarður við Svalbarðskirkju
- Skógræktarsvæði reita yfir 3 ha
 - Í landi Þórisstaða
 - Í landi Meðalheims
 - Í landi Geldingsár
- Reitir fyrir íbúðarbyggð að Siglurvík (áður landbúnaðarland), Strönd sem áður var landbúnaðarland
- Reitir fyrir frístundabyggð að Geldingsá (Heiðarborg) ofan vaðlaheiðarvegar sem áður var landbúnaðarland
- Áningarstaður á Vaðlaheiðarvegi
- Áningastaður á Grenivíkurvegi
- Afmörkun svæða undir náttúruvæ vegna ofanflóða hættu
- Óbyggð svæði skilgreind ofan 300 m hæðarlínu.

Breytingar sem vert er að nefna eru gerðar á eftirfarandi landnotkunarreitum:

- Eldri flokkun landbúnaðarlands hefur verið tekin út og skilmálar landnotkunarflokksins breytt og vísað í fylgiskjal um flokkun landbúnaðarlands
- Efnistökusvæði að Siglurvík er stækkað um 2 ha til norðurs og heimildir rýmkaðar úr 100.000 m³ í 200.000 m³
- Athafnasvæði AT3, Setberg í landi Sólbergs felld út í stað íbúðabyggðar, ÍB16
- Stækkun samfélagsþjónustusvæðis við Safnasafnið
- Stækkun á afmörkun hafnarsvæðis, búsetu gerð heimil í verbúðum
- Breytingar á öðrum atriðum en landnotkun eru eftirfarandi:
 - Stígakerfi endurskoðað og sýnt á skipulagsuppdrætti
 - Afmörkun veitukerfa lagfærð skv. uppfærðum gögnum

13 Umhverfisskýrsla

13.1 Viðfangsefni umhverfismats

Umhverfisskýrsla er lögð fram með aðalskipulagi í samræmi við ákvæði laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í umhverfismatsskýrslu er dregin fram heildarsýn umhverfisáhrifa þeirra framkvæmda sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi.

Metin eru áhrif á þá þætti sem verða verulega fyrir breytingum frá fyrra skipulagi eða krefjast framkvæmda sem ekki hafa orðið að veruleika.

Eftirfarin atriði eru metin með tilliti til umhverfisáhrifa:

Skógrækt á landbúnaðarsvæðum

Stækkun efnistökusvæðis

Miðsvæði Svalbarðsstrandarhrepps

13.2 Umhverfispættir og viðmið

Í 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana er fjallað um efni umhverfismats, hvaða umhverfispætti skal taka tillit til við mat á umhverfisáhrifum. Áhrif skulu metin á:

- a. íbúa og heilbrigði manna,*
- b. líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar,*
- c. land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag,*
- d. efnisleg verðmæti og menningarminjar,*
- e. næmi framkvæmdar eða áætlunar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum,*
- f. samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a–e-lið.*

Í samræmi við ofangreint og markmið úr stefnum stjórnvalda eru settir fram umhverfispættir, afmarkaðir í sex meginþætti og fyrirhugaðar framkvæmdir metnar út frá þeim. Eftirfarandi gögn og áætlanir voru hafðar sem viðmið:

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2024

Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026

Áfangastaðaáætlun Norðurlands 2024

Byggðaáætlun 2022-2036

Ferðamálastefna og aðgerðir til ársins 2030

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030

Land og líf. Landgræðsluáætlun og landsáætlun til ársins 2031

Landsskipulagsstefna 2024 - 2038

Landslagssamningur Evrópu

Parísarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Samgönguáætlun 2020-2034.

Sóknaráætlun Norðurlands Eystra 2020-2024

Í ljósi náttúruvár, Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum 2021

Vatnaáætlun 2022-2027

Ákvæði í eftirfarandi lögum og reglugerðum voru höfð sem viðmið:

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019

Vegalög nr. 80/2007

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns

Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns

Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér. Úr viðmiðunum eru afmarkaðir umhverfispættirnir í sex meginþætti og fyrirhugaðar framkvæmdir metnar út frá þeim.

Umhverfispættirnir eru:

- Landslag
- Lýðheilsa
- Landkostir
- Loftslag
- Samfélag
- Vistkerfi

13.3 Vægi umhverfisáhrifa

+	Jákvæð áhrif - stefnan styður við eftirfarandi viðmið
0	Hlutlaus/óljós áhrif - stefnan er hlutlaus gagnvart eftirfarandi viðmiði
-	Neikvæð áhrif - stefnan er þvert á eftirfarandi viðmið
	Á ekki við

- Jákvæð áhrif, áhrif áætlunar á umhverfispátt bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg.
- Óviss áhrif, ef óvíst er eða háð útfærslu hvort stefnutillaga styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfispætti. Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf.
- Neikvæð áhrif, stefnutillaga vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhversviðmið. Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hve umfangsmikil áhrifin eru og hve margir verða fyrir áhrifum.
- Á ekki við, þegar umhverfispáttur verður ekki fyrir markverðum áhrifum eða er ekki hægt að meta.

Vægi áhrifa er lýst með orðunum veruleg, nokkur eða óveruleg áhrif.

13.4 **Mat á umhverfisáhrifum****Skógrækt**

Í kafla 5.7 – *Landbúnaðarsvæði* er komið inn á heimildir um nýtingar lands sem fellur í þann landnotkunarflokk. Heimild er til nýræktunar skóga, allt að 3 ha, án þess að skilgreindur sé landnotkunarreitur undir skógræktar- og landgræðslusvæði. Í eldra skipulagi var skógrækt allt að 200 ha heimiluð, gegn tilkynningu, á landi sem féll í flokka landbúnaðarlands 3 og 4 miðað við skilgreiningu þess skipulags.

Áhrif	Umhverfispáttur	Skýring					
0	Landslag	Aukin skógrækt hefur áhrif á landslag eins og við þekkjum það í dag en óvíst hvernig meta skuli áhrif á landslag skv. opinberri stefnumörkun. Sé skógrækt látin falla að landi eru áhrif á landslag óveruleg.					
+	Lýðheilsa	Skógar skapa skjól og geta stuðlað að útivist. Áhrif skógræktar á lýðheilsu eru metin jákvæð.					
+	Landkostir	Markmið Lands- og skóga er að skógar stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár. Skógrækt getur dregið úr uppblæstri og verndað svæði sem viðkvæm eru fyrir rofi sé henni beitt rétt. Áhrif skógræktar á landkosti eru metin jákvæð.					
+	Loftslag	Tré binda kolefni, jafna hitasveiflur og skapa góð vaxtarskilyrði fyrir annan gróður í skógarjaðri með skjólmyndun og auknu næringarframboði með lauffalli. Áhrif skógræktar á loftslag eru metin jákvæð.					
+	Samfélag	Nytjar skógræktar geta skapað atvinnu og þannig eftir byggð og styrkt samfélagið með aukinni verðmætasköpun. Áhrif skógræktar á samfélag eru metin jákvæð.					
0	Vistkerfi	Skógur hefur fælandi áhrif á ákveðnar tegundir en aðlaðandi á aðrar, sömuleiðis hafa skógar mismikil áhrif á tegundafjölbreytni eftir þéttleika og trjátegundum. Einnig skiptir máli hvernig núllstaða vistkerfisins er þegar skógrækt hefst. Áhrif á vistkerfi eru því metin óviss eða hlutlaus.					
+	+	+	+	0	0	Samantekt	Stefna um skógrækt hefur almennt jákvæð áhrif á þá umhverfispætti sem teknir eru til skoðunar. Óvissa er um áhrif á landslag og vistkerfi.

Stækkun efnistökusvæðis

Í kafla 5.8 – *Efnistökusvæði* er fjallað um uppfært efnistöku svæði að Siglúvík sem er stækkað úr 1,9 ha í 4,0 ha og heimilt efnismagn aukið úr 100.000 m³ í 200.000 m³. Efnistakan fellur undir flokk B í lið 2.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Framkvæmdin er því háð tilkynningu til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Áhrif	Umhverfispáttur	Skýring
0	Landslag	Efnistaka hefur áhrif á landslag en sé gengið frá námunni og hún felld að landi að efnistöku lokinni er hægt að lágmarka áhrif á landslag. Þar sem efnistakan er ekki veruleg og efnistaka á svæðinu nú þegar eru áhrif á landslag metin óveruleg.
0	Lýðheilsa	Efnistaka getur helst haft áhrif á lýðheilsu með rykmyndun eða sandfoki. Þar sem efnistaka er ekki umfangsmikil er ólíklegt að áhrifa gæti á þennan umhverfispátt.
+	Landkostir	Þörf á efni er nauðsynleg til framkvæmda og þar sem efnistöku er valinn réttur staður getur hún skapað auðlind úr landi sem áður var ónytjanlegt. Að efnistöku lokinni má endurheimta land og nýta með öðrum hætti. Áhrif á landkosti eru því metin jákvæð.
+	Loftslag	Efnistaka hefur neikvæð áhrif á gróður og kolefnisbirgðir jarðvegs en með mótvægisáðgerðum má draga úr neikvæðum áhrifum. Með því að afla efnis nálægt framkvæmdastað má draga úr flutningi efnis og þar með lækka kolefnisspor framkvæmda. Áhrif á loftslag eru metin hlutlaus.
+	Samfélag	Framboð efnis innan sveitar getur skapað atvinnu og liðkað fyrir framkvæmdum og þannig eflt byggð og styrkt samfélagið með aukinni verðmætasköpun. Áhrif efnistöku á samfélag eru metin jákvæð.
-	Vistkerfi	Rask á landi og eyðing gróðurþekju hefur neikvæð áhrif á vistkerfi. Með endurheimt að lokinni efnistöku má draga úr neikvæðum áhrifum á vistkerfi. Áhrif efnistöku á vistkerfi eru metin neikvæð.
+ + - 0 0 0	Samantekt	Stefna um aukna efnistöku hefur almennt jákvæð áhrif á þá umhverfispætti sem teknir eru til skoðunar. Óvissa er um áhrif á landslag og lýðheilsu. Áhrif á vistkerfi eru metin neikvæð.

Miðsvæði Svalbarðsstrandarhrepps

Í kafla 5.1 – *Miðsvæði* er gert ráð fyrir nýjum landnotkunarflokk, *miðsvæði* þar sem áður var skilgreint *óbyggt svæði*. Á nýju miðsvæði er gert ráð fyrir starfsemi stjórnsýsluhúss og að þar geti orðið uppbygging í framhaldinu sem þjónar þéttbýlinu Svalbarðseyri.

Áhrif	Umhverfispáttur	Skýring
0	Landslag	Uppbygging miðsvæðis mun fara fram innan núverandi þéttbýlis á reit þar sem er gróið tún. Áhrif á landslag er metin óveruleg.
+	Lýðheilsa	Aðlaðandi miðsvæði hvetja til útiveru og skapa vettvang óformlegra samskipta þar sem fólk hittist á förnum vegi. Áhrif á lýðheilsu eru metin jákvæð.
0	Landkostir	Áhrif á landkosti umfram fyrri stefnu, sem gerði ráð fyrir óbyggðu landi, er metin óveruleg.
0	Loftslag	Áhrif á uppbyggingu miðsvæðis á loftslag eru metin óveruleg, helst væri jákvæðra áhrif að vænta ef uppbygging leiddi til fjölgunar starfa á svæðinu og þar með minnkandi umferð til og frá Akureyri.
+	Samfélag	Uppbygging miðsvæðis getur styrkt framboð af verslun og hækkað þjónustustig sem eykur lífsgæði íbúa og hefur jákvæð áhrif á samfélag.
0	Vistkerfi	Með uppbyggingu miðsvæðis yrðu núverandi gróðurþekju raskað sem hefði neikvæð áhrif á ríkjandi vistkerfi. Ríkjandi vistkerfi er metið sem einsleitt og áhrif á vistkerfi því metin óveruleg.
+	+	0 0 0 0
Samantekt		Með tilkomu miðsvæðis á Svalbarðseyri má helst gera ráð fyrir jákvæðum áhrifum á lýðheilsu og samfélag. Áhrif á aðra þætti eru metin sem óveruleg.

13.5 Samanlögð áhrif og niðurstaða

Samanlögð áhrif sem stefna í endurskoðuðu aðalskipulagi hefur á þá umhverfispætti sem teknir voru til skoðunar eru heilt yfir metin jákvæð og koma til með að styrkja samfélagið. Helst er neikvæðra áhrifa að vænta á vistkerfi vegna aukinnar efnistöku og óviss áhrif eru á landslag og vistkerfi af völdum aukinnar skógræktar.

14 Heimildaskrá

Ritaðar heimildir

Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020, með síðari breytingum.

Skipulagsstofnun, 2016. Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð. Reykjavík, Skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun, 2003. Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags.

Sædís Gunnarsdóttir, 2005. *Fornleifar í Svalbarðsstrandarhreppi*. Fornleifastofnun Íslands. Sótt þann 4. júní 2024 af: https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_1303.pdf

Skipulagsstofnun, 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024, með síðari breytingum

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2021. Í ljósi loftslagsvárs. Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum.

Húsnæðisáætlun Svalbarðsstrandarhrepps 2024

Lög og reglugerðir

Jarðalög nr. 81/2004 m.s.br.

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Reglugerð um loftgæði nr. 391/2013.

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 901/2015.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Vefsíður

Hagstofa Íslands, 2024. Mannfjöldi og mannfjöldaspá. www.hagstofan.is

Veðurstofa Íslands, 2024. Vindatlas. www.vindatlas.vedur.is

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2024. Vistgerðarkort. www.ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort